



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

25. júlí 2005 - 199. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Þeim sem sprengjan springur

Það er svo undarlegt með unga menn. Þeir fara inn í strætisvagn eða lest þar sem fólk situr í hnapp hvert í sinni tilveru - og þar springa þeir. Í leiðinni sprengja þeir fólk sem gæti verið amma þeirra.

Í DAG 16

Enn sigrar FH

FH-ingar halda sigurgöngu sinni í Landsbankadeild karla áfram og í gær voru það Eyjamenn sem voru fórnarlömbin. Hrakfarir KR halda áfram og í gærkvöldi tapaði liðið sínum fjórða heimaleik í röð þegar sprækir Keflavíkingar komu í heimsókn í Frostaskjólíð og unnu sannfærandi sigur.

ÍÞRÓTTIR 20

Heimildarmynd um söngleik

Kvikmyndagerðarkonan Hrafnhildur Gunnarsdóttir fylgist með leikhópnum Á senunni til að fanga stemninguna í uppfærslunni á söngleiknum Kabarett.

FÓLK 30

VEÐRIÐ Í DAG

Hæg norðlæg eða brýttileg átt

BJART MED KÖFLUM Hætt við þokulofti með ströndum og þokusúld við norðurströndina. Hiti 9-20 stig, hlýjast til landsins syðra en svalast í þokunni.

VEDUR 4

LANDIÐ ALLT

Lestur á mánudögum 20-40 ára*

72%

Fréttablaðið

36%

Mbl.

24%

Blaðið

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á mánudögum.

Borgarstjóri bjartsýnn á framboð R-listans

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri telur ólíklegt að R-listinn sundrist og vill vinnufrið fyrir viðræðunefnd R-listaflokkanna. Alfreð Þorsteinsson er einnig bjartsýnn en borgarfulltrúar Vinstri grænna vilja ekkert tjá sig um málið.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Ég hef engar sérstakar áhyggjur af framboðsmálum R-listans. Það eru allir að vinna af heilum hug í þessum málum og hver flokkur að hugsa sinn gang,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri um framboðsmál R-listans og ályktun Framsóknarflokksins í Reykjavík norður frá því fyrir helgi.

„Hver flokkur er að skerpa sína sérstöðu ef svo ólíklega vildi til að það slitnaði upp úr en ég held að líkurnar á því séu afar litlar. Ég held að fólk í þessum flokkum sé skynsamt fólk og við ættum að leyfa því að vinna sína vinnu í friði án utanaðkomandi afskipta,“ segir Steinunn Valdís.

„Ég er enn bjartsýnn á að já-

kvæð niðurstaða fáist úr því starfi sem fer fram í viðræðunefndinni,“ sagði Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins í R-listanum. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um framboðsmál R-listans.


Borgarfulltrúar Vinstri grænna í R-listanum, þau Árni Þór Sigurðsson og Björk Vilhelmsdóttir, vildu ekki tjá sig um framboðsmál R-listans og vísaði Björk á fulltrúa Vinstri grænna í viðræðunefnd R-listaflokkanna. „Við biðum bara eftir því að viðræðunefndin komi saman,“ sagði Árni Þór. Heimildir Fréttablaðsins herma að mesta andstaðan við framboð R-listans sé innan raða Vinstri grænna.

Dagur B. Eggertsson, borgar-

fulltrúi R-listans, sagðist bjartsýnn á framboðsmál R-listans. „Ég held það hafi ekkert breyst að undanförunu. Það skýrist á næstu vikum hvort af framboði R-listans verður,“ sagði Dagur. Aðspurður hvort hann hefði trú á því að af framboði R-listans yrði sagði hann: „Já, ég geri ráð fyrir því að af því verði.“

Viðmælendur Fréttablaðsins í borgarstjórnarhópi R-listans telja að unnið sé að því hörðum höndum meðal kjörinna borgarfulltrúa að hafa áhrif til þess að skýra framboðsmálin en misjafn áhugi er meðal viðmælenda fyrir því að af samstarfinu verði. Ekki náðist í aðra borgarfulltrúa R-listans.

- hb



Jarðskjálfti í Indlandshafi:

Olli skelfingu en litlu tjóni

INDLAND. AP Jarðskjálfti af styrkleikanum sjö á Richter-kvarða skók Nicobar-eyjar í austanverðu Indlandshafi í gær. Skjálftinn olli mikilli skelfingu meðal fólks á eyjunum og flóðbylgjuviðvörðun var gefin út í Taílandi, en Taílandsströnd er í um 650 km fjarlægð frá eyjunum. Eftir því sem næst varð komist í gærkvöldi varð þó ekki teljandi tjón af völdum skjálftans.

Jarðskjálftafræðingar sögðu upptök skjálftans hafa verið 135 km vestur af Misha á Nicobar-eyju. Á Andaman- og Nicobar-eyjum fórust þúsundir manna í flóðbylgjunni sem öflugri skjálfti á sömu slóðum olli um síðustu júl, en alls fórust í henni um 180.000 manns í ellefu löndum. Enn er um 50.000 manna saknað eftir hamfarirnar þá.

- aa



SJÖUNDI SIGURINN Í RÖÐ Bandaríski hjólræiðakappinn Lance Armstrong hjólar sigurreifur með bandaríska þjóðfánann eftir Champs Elysées-breiðgötunni í París í gær, eftir að hann vann Frakklandshjólræiðarnar, Tour de France, í sjöunda sinn í röð.

Nýr kynsjúkdómur skýtur upp kollinum

HEILBRIGÐISMÁL Nýr kynsjúkdómur er farinn að skjóta upp kollinum á öðrum Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Þessi kynsjúkdómur, sem gengur undir skammstöfuninni LGV, hefur verið landlægur í Asíu, Afríku, Mið- og Suður-Ameríku og er nú farinn að verða meira áberandi í Frakklandi, Hollandi, Sviss og Englandi.

LGV er ein tegund af klamydíu en hefur enn ekki greinst hér á landi, að sögn Þórólfs Guðnasonar, yfirlæknis hjá embætti Söttvarnalæknis. Hann segir Íslendinga þurfa að vera vel vakandi fyrir sjúkdómnum.



um, því hann geti verið illvígur. Hann sé oft einkennalíti til að byrja með og sjúklingar taki oft ekki eftir fyrstu einkennum, sem séu sár á kynfærum.

„Síðan getur sýkingin breiðst út og valdið sárum og alvarlegum sýkingum. Klamydía svarar vel rétttri lyfjameðferð þannig að þetta er hægt að lækna ef það greinist í tæka tíð,“ segir hann.

-ghs

ÞÓRÓLFUR GUÐNASON Þórólfur Guðnason er yfirlæknir hjá Söttvarnalækni og hann segir að Íslendingar þurfi að vera vel vakandi fyrir því þegar og ef kynsjúkdómurinn LGV berist hingað til lands.

Rann niður 40 metra

LÖGREGLUMÁL Karlmaður og kona sluppu nær ómeidd þegar húsbíll þeirra hafnaði utan vegar og rann um fjórutíu metra niður bratta brekku á mótis við bæinn Breiðaváð skammt ofan Blönduóss um klukkan hálf sjö í gærkvöldi.

Miklar skemmdir urðu á húsbílnum við óhappið, að sögn lögreglu. Mildri þykir þó að ekki fór verr, en ökumanni tókst að halda bílnum á hjólunum meðan hann rann niður brekkuna.

-ht

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Þriðjudagar

Immingham / England

591 3000



SPURNING DAGSINS

Magni, er þetta mögnuð tilfinning?

„Að sjálfsgöðu er þetta mögnuð tilfinning hjá Magna Group – það er mér og konunni.“

Magni R. Magnússon, verslunarmaður við Laugaveg, ætlar að setjast í helgan stein í haust eftir fjörtíu ára rekstur.

Fimmtán hrefnur hafa veiðst af þrjátíu og níu dýra kvóta vísindaveiða:

Fjórar hrefnur veiddust um helgina

SIÁVARÚTVEGUR „Veiðiskilyrði voru afar góð um helgina og það veiddust fjórar hrefnur,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson hjá Félagi hrefnuveiðimanna. Alls hafa því veiðst fimmtán dýr af 39 dýra hrefnuveiðikvóta en veiðar standa yfir í vísindaskyni til 15. ágúst.

Hrefnunum er landað víða um landið en í dag verður tveimur landað á Norðfirði. Gunnar segir að hrefnukjötið komi í verslanir eftir hádegi í dag en í síðustu viku seldist allt hrefnukjöt upp og verður því unnið hörðum höndum við að verka dýrin og koma kjöt-

inu í verslanir.

„Þetta verður selt í sömu verslunum og áður og viðtökur hafa verið frábærar eins og áður hefur komið fram. Við erum því ánægðir að geta boðið landsmönnum upp á þetta kjöt sem er góður matur hvort sem er á grillið eða matreitt með öðrum hætti. Við reynum að klára kvótann áður en hrefnuveiðitímabilið er á enda því það er ljóst að það er eftirspurn hjá landsmönnum eftir hrefnukjöti,“ segir Gunnar. -hb

HREFNUVEIÐAR Hrefnan unnin um borð í hrefnuveiðibáti.



Áform atvinnubílstjóra:

Litin alvarlegum augum

LÖGGÆSLA Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar um hvernig brugðist verður við áformum atvinnubílstjóra um að loka gatnamótum Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur um verslunarmannahelgina, að sögn Arinbjarnar Snorrasonar hjá lögreglunni í Reykjavík.

„Það er lítið alvarlegum augum þegar loka á akstursleiðum,“ segir Arinbjörn og bætir við að málið verði skoðað frekar þegar betur liggi fyrir hvernig aðgerðirnar verði. Mikil áhersla verði lögð á að halda neyðarleiðum opnum, þannig að sjúkrabílar og neyðarleiðar geti eftir sem áður komist leiðar sinnar. - ht

LÖGREGLUFRETTIR

Á SLYSADEILD EFTIR SKYRTU-BRUNA

Maður var fluttur með sjúkrabíl á slysaðeild eftir að kviknaði í skyrtu hans á skemmtistað í Reykjavík í fyrrinótt. Maðurinn hlaut brunasár á baki en eldurinn kviknaði út frá kerti.

UNGUR ÖKUMADUR Í OFSA-AKSTRI

Lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði sjö ökumenn í fyrrinótt fyrir of hraðan akstur. Sá sem hraðast ók var á 137 kílómetra hraða á Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar en þar er hámarkshraði 70 kílómetrar á klukkustund. Reyndist ökumaðurinn nýkominn með bílpróf. Þá fannst eitt gramm af ætluðu hassi í einni bifreiðanna.

MISSTI BÍLPRÓFIÐ EFTIR HRAÐAKSTUR

Ungur maður var sviptur ökuréttindum á staðnum eftir að hann mældist á 130 kílómetra hraða innanbæjar á Akranesi seint í fyrrakvöld, en þar er hámarkshraði fimmtíu kílómetrar. Maðurinn á auk ökuréttindamissisins von á sjötíu þúsund króna sekt.



MARKAÐSTORGID Í SHARM EL-SHEIK Markaðstorgið í ferðamannabænum Sharm el-Sheik þar sem önnur sprengjan sprakk á föstudagskvöld er í rústum og brotnir minjagripir og glerbrot liggja á víð og dreif.

Yfir 70 manns eru í haldi lögreglunnar

Lögreglan í Egyptalandi hefur tekið yfir 70 manns til yfirheyrslu vegna sprenginganna á föstudagskvöld. Einn ódæðismanna mun hafa látið lífið í sprengingunni en þriggja er enn leitað. Ódæðin valda búsifjum í ferðapjónustu landsins.

SHARM EL-SHEIK, AP Rúmlega 70 hafa verið teknir til yfirheyrslu í Sharm el-Sheik og víðar á Sínaí-skaga í Egyptalandi vegna sprengjuárásanna sem urðu 88 manns að bana á föstudagskvöld. Lögreglan segir engan vera sakaðan um að hafa komið að sprengingunum enn sem komið er. Þetta er mannskæðasta hryðjuverk sem framið hefur verið í Egyptalandi. Auk þeirra sem létust særðust að minnsta kosti 134.

Yfirvöld telja að fjórir menn hafi ekið tveimur pallbílum hlöðnum sprengiefni til að sprengja hótél við Naama flóa og fjölmennt kaffihús í grenndinni. Talið er að þeir hafi skilið þriðju sprengjuna með tímastilli eftir í skjalatösku á bílastæði sem fólk þusti um eftir

ad hinar sprengjurnar tvær sprungu. Lítur út fyrir að sprengingin við hótelið hafi verið sjálfsmorðsárás en lögreglan leitar þriggja ódæðismanna. Tveir hópar hafa lýst yfir ábyrgð á hryðjuverkunum en í gær var ekki búið að ganga úr skugga um sannleiksgildi þeirra yfirlýsinga. Annar hópurinn, Abdullah Azzam hersveitin, sem er deild al Kaída í Egyptalandi og Sírylandi, lýsti einnig sprengjuárásum í Taba í október síðastliðnum og sprengju- og skotárás í Kaíró í apríl. Hinn hópurinn kallar sig Heilaga stríðsmenn Egyptalands en lítið sem ekkert er vitað um hann. Þá útiloka yfirvöld ekki að útlendingar beri ábyrgð á ódæðinu. Mannréttindasamtök í Egypta-

landi segja að yfirvöld megi ekki beita sömu aðferðum nú og þau gerðu eftir hryðjuverkin í Taba en þá voru rúmlega þrjú þúsund manns handteknir af handahófi.

Árásarnir hafa þegar valdið ferðapjónustu Egyptalands miklum búsifjum og ferðamenn flýja úr landi í stórum hópum. Verkamenn vinna hörðum höndum við að hreinsa upp rústir á vettvangi árásanna og margir lögreglumenn eru á svæðinu við eftirlit. Heilbrigðisyfirvöld sögðu í gær að ekki hefðu verið borin kennsl á 34 þeirra sem fórust. Flestir sem dóu voru Egyptar, en vitað er að tveir Bretar, tveir Þjóðverjar, Ítali og Tékki létu einnig lífið.

bergsteinn@frettabladid.is

Líkamsárás í Hafnarstræti:

Réðust á ókunngugan mann

ÁRÁS Fjögurra til fimm manna var í gærkvöld enn leitað eftir fólksulega líkamsárás í Hafnarstræti í fyrrinótt. Árásin var að sögn lögreglu tilefnislaus en árásarmennirnir þekktu ekki manninn sem ráðist var á.

Maðurinn kom sér sjálfur á slysaðeild eftir árásina, en hann var lemstraður auk þess sem tennur brotnuðu. Hann gat þó gefið lögreglu greinargóða lýsingu á árásarmönnum, sem eru á þrítugsaldri, og veitir lögreglu aðstoð við leitina að þeim. - ht

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLÞJÓFNADUR Á FRÖNSKUM DÖGUM

Franskir dagar fóru fram á Fáskrúðsfirði um helgina. Að sögn lögreglu var mikill erill og ölvun mikil. Einn fékk að gista fanga-geymslur lögreglu eftir bílstuld en hann er jafnframt grunaður um ölvun við akstur. Maðurinn fór þó ekki langt á bifreiðinni, bíltúrinn einskorðaðist við næsta nágrenni tjaldstæðisins í bænum.

FRIDSAMLEGT VOPNASKAK

Vopnaskak á Vopnafirði var haldið um helgina og fór hátíðin fridsamlega fram að sögn lögreglu. Ekkert mál kom til kasta lögreglu í tengslum við hátíðina.

ERLENDIR FERÐAMENN Í UMFERÐARÓHAPPI

Draga þurfti tvo bíla burt eftir að öðrum bílnum var ekið aftan á hinn skammt norðan Hvalfjarðargangna í fyrrakvöld. Erlendir ferðamenn nýkomnir til landsins voru í öðrum bílnum en Íslendingar í hinum. Engin slys urðu á fólki við óhappið.

VEIKUR SJÓMADUR SÓTTUR

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gærkvöld veikan mann um borð í togara um 160 mílur úti fyrir Reykjavík. Þyrlan lenti með manninn á Reykjavíkurflugvelli, þaðan sem hann var fluttur með sjúkrabílfreið á Landspítala – háskólasjúkrahús.

www.ibudalan.is

Einfaldari leið að íbúðakaupum

Að fjármagna íbúðakaup hjá **Íbúðalán.is** er einfalt, fljótlegt og þægilegt. Þú ferð einfaldlega inn á vefslóðina **www.ibudalan.is** og gengur frá þínum málum í tveimur einföldum skrefum

- greiðslumatinu og lánsúmsókninni.

Fasteignasalinn sendir síðan kauptilboðið rafrænt til **Íbúðalán.is**

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is



Sjálfsmorðsárás gerð á lögreglustöð í Bagdad:

Tugir farast í höfuðborg Íraks

ÍRAK, AP Sjálfsmorðsprengjumaður ók vörubíl hlöðnum sprengiefni á lögreglustöð í Bagdad í gær, með þeim afleiðingum að 22 menn að minnsta kosti létu lífið og þrjú tugir til viðbótar særðust, að því er írösk lögregluyfirvöld greindu frá. Talsmenn Bandaríkjahers sögðu að minnsta kosti 40 hafa farist.

Árásin var gerð á Rashad-lögreglustöðina í Masthal-hverfi í austanverðri Bagdad klukkan 14.50 að staðartíma. Að sögn Mahir Abdul Sahar, talsmanns írösku lögreglunnar, voru flestir hinna látnu óbreyttir borgarar.

Þetta var mannskæðasta árásin í Írak frá því 16. júlí, er sjálfsmorðsprengjumaður sprengdi bílsprengju nærri sjíamasku í Musayyib, en við sprenginguna kviknaði einnig í olíuflutningabíl og nærri 100 manns fórust.



SONARMISSIR Bagdadbúinn Majeed Abdullah skoðar kolbrunnar leifar sonars síns í brunarústunum sem tilræðið í gær skildi eftir sig.

Meðlimir í stjórnmálabandalaginu að baki Ayad Allawi forsætisráðherra hótuðu í gær að ganga úr því í stuðningsskyni við hreyfingu súnnía sem hafa neitað að

taka þátt í undirbúningi nýrrar stjórnarskrár. Telja þeir Allawi ekki hafa gert nóg til að fá súnnía til liðs við að byggja upp hið nýja Írak. ■

Nýtt á Íslandi!



HANNAÐU ÞITT EIGIÐ KORT

Íslandsbanki kynnir byltingarkennda nýjung. Nú geta félagar í XY, unglingsþjónustu Íslandsbanka, hannað sín eigin debet- eða hraðbankakort. Íslandsbanki er fyrsti bankinn á Íslandi sem býður upp á þennan spennandi möguleika.

Farðu á XY.is og settu mynd að eigin vali á kortið

Það er einfalt að hanna sitt eigið kort. Þú ferð bara á XY.is, setur mynd að eigin vali á kortið og áður en þú veist af ert þú komin(n) með algerlega einstakt kort í veskið. Þú getur valið úr myndabanka á XY.is eða sett þína eigin mynd á kortið, hvort sem það er mynd af þér, uppáhaldsliðinu, mótörhjólínu eða hundinum þínum. Þetta er þitt kort – þú ræður!

Vertu skapandi og gerðu þitt XY-kort einstakt



Nýir XY meðlimir fá bíómiða fyrir tvo og flottan XY stuttermabol í inngöngugjöf.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,24	64,54
Sterlingspund GBP	112,52	113,06
Evra EUR	78,06	78,5
Dönsk króna DKK	10,46	10,522
Norsk króna NOK	9,795	9,853
Sænsk króna SEK	8,252	8,3
Japanskt jen JPY	0,5789	0,5823
SDR	XDR	93,51 94,07

Gengisvísitala krónunnar
109,1079

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hryðjuverkin í London hafa engin áhrif á flug: Lítið um afpantanir

FERDALÖG Þrátt fyrir hryðjuverkin í London hefur eftirspurn eftir flugi þangað minnkað sáralítið og nánast ekkert hefur verið um að fólk afpanti ferðir sínar þangað, að sögn Guðjóns Arngrímssonar, upplýsingafulltrúa Icelandair.



GUÐJÓN
ARNGRÍMSSON

„Það er nánast ekkert um afpantanir til London. Í stórum dráttum virðist þetta ekki hafa nein áhrif á okkar bókanir og kemur það manni í sjálfu sér ekkert á óvart. Þetta er eins og með stjórnvöld og íbúa í London að þau virðast

haga sér með sama hætti og áður og láta eins og ekkert hafi í skorist,“ segir Guðjón.

Að hans sögn var hægt að afpanta flug til London án breytingargjalds þangað til í gær. „Við opnuðum fyrir breytingar strax eftir atvikin í London. Fólk hafði þarna því nokkra daga til þess að afpanta eins og ég segi nýttu sér fáir þann möguleika, ólíkt því þegar hryðjuverkin dundu á New York um árið. Það er varla hægt að bera þetta tvennt saman og þá var að sjálf-sögðu lokað fyrir allt flug í tvo sólarhringa og eftirspurnin eftir flugi til Bandaríkjanna nánast hrundi. Þetta er tvennt ólíkt.“

-bog



LONDON Íslendingar virðast ekki láta hryðjuverkin í London mikið á sig fá og halda sínum plönum þrátt fyrir hættuna.

Rann 150 metra niður skriðu: Fer líklega heim í dag

SLYS Fertugur maður sem rann 150 metra niður skriðu við Hvalvatnsfjörð milli Eyjafjarðar og Skjálfa-nda á föstudag er á góðum bata-vegi og fær líklega að fara heim í dag, að sögn lækis á Landspítala – háskólasjúkrahúsi Fossvogi.

Maðurinn hlaut áverka á höfði og kjálkabrotnaði við fallið. Hann var fluttur með þyrlu til Akureyrar og þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur, þar sem gert var að sárum hans.

- ht



KJARTAN MAGNÚSSON Nýtt leiðakerfi Strætó meingallað.

Nýtt leiðakerfi Strætó:

Meingallað að mörgu leyti

SAMGÖNGUR „Það er margt við þetta nýja leiðakerfi að athuga,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

„Það er farið um færri götur en áður, það þjónar færri íbúum því það er lengra milli biðstöðva og í mörgum tilfellum verður lengra að ganga út á biðstöðvarnar. Það er því meingallað að mörgu leyti. En það sem er gott við kerfið er að það nær til alls höfuðborgarsvæðisins, en það var upphaflega til-laga okkar sjálfstæðismanna,“ segir Kjartan.

- hb



SONUR SYRGÐUR Foreldrar Jean Charles de Menezes syrgja soninn heima hjá sér í Gonzaga í Brasilíu í gær. Hann féll á föstudag fyrir byssukúlu Lundúnalögregluar, en hún leitir sprengjuársmannanna ákaft.

Lögreglan í London biðst afsökunar

Lundúnalögreglan handtók í gær þriðja manninn í tengslum við rannsókn til-ræðanna í síðustu viku. Lögreglustjórinn baðst afsökunar á að lögreglan skyldi skjóta saklausan Brasilíumann.

BRETLAND. AP Lögreglustjórinn í Lundúnum, Ian Blair, baðst í gær opinberlega afsökunar á því að lögregla skyldi hafa skotið til bana brasilíska rafvirkja, sem ekki tengdist hryðjuverkaárásunum í borginni á nokkurn hátt. Blair varði engu að síður þá stefnu lögregluar að hika ekki við að skjóta menn ef ástæða væri til að gruna þá um að bera á sér sprengju.

Lundúnalögreglan tilkynnti í gærkvöld að hún hefði handtekið þriðja manninn í tengslum við rannsókn misheppnuðu tilræðanna síðasta fimmtudag. Upplýsti hún að maðurinn hefði verið handtekin í nafni hryðjuverkavarnalaga, í

sama hverfi í suðurhluta borgarinnar og Brasilíumaðurinn bjó í.

Blair lögreglustjóri sagði enn fremur á blaðamannafundi að sprengiefninu sem notað var við hin misheppnuðu sprengjutilræði á fimmtudaginn svipaði mjög til þess sem notað var við hin mannskæðu tilræði tveimur vikum fyrr. Verið væri að rannsaka vísbendingar um viss tengsl milli tilræðismannanna 7. og 21. júlí. Engar sannanir væru þó enn fyrir tengslum milli tilræðanna, að sögn lögreglustjórans. Hann sagði rannsóknarinnu nú helst beinast að mönnum fjórum sem eftirlitsmyndavélamyndir voru birtar af á föstudag.

Blair skoraði á breska múslima-samfélagið að leggja lögreglu lið í rannsókninni. Allar ábendingar væru líka vel þegar, hefði einhver séð einhvern fjórmennigana sem lýst hefur verið eftir.

Loft var ennþá lævi blandið í borginni í gær og lögregla beitti sprengiefni til að eyða grunsamlegum pakka sem fannst í garði í norðausturhluta Lundúna. Að sögn talsmanna lögregluar lék grunur á að pakkinn kynni að hafa tengst hlutum sem notaðir voru í misheppnuðu tilræðunum á fimmtudaginn. Nánari upplýsingar var ekki að fá að svo stöðu.

- aa

Hættulegt hátterni:

Stóð úti á miðri akbraut

LÖGREGLAN Lögreglunni í Hafnarfirði barst laust eftir klukkan sex síðdegis í gær tilkynning um að maður gengi eftir miðri akbraut á Hafnarfjarðarvegi í Garðabæ.

Umferð var á veginum á þessum tíma og mátti ekki miklu muna að illa færi þegar nokkrir bílar snögghemluðu af ótta við að aka manninn niður. Maðurinn, sem virtist vera á fimmtugs- eða sextugsaldri, sinnti því í engu þegar öikumenn þeyttu bílflautur sínar. Þegar lögreglan kom á vettvang var maðurinn á bak og burt. Málið er í rannsókn.

-bs



HERJÓLFUR Margir virðast ætla að leggja leið sína á Þjóðhátíð í Eyjum.

Verslunarmannahelgin:

Flestir spyrja um Eyjar

FERDALÖG Ferðamannastraumurinn virðist að miklu leyti liggja á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina, samkvæmt fyrirspurnum sem afgreiðslufólk BSÍ fær þessa dagana.

Að sögn Elínar Sævarsdóttur, afgreiðsludömu á BSÍ, er nánast einungis spurt um rútuferðir í ferjuna Herjólf, sem siglir til Eyja. „Eitthvað er líka um að fólk spyrjist fyrir um ferðir til Akureyrar en nánast ekkert um Galta-læk. Ég hef þó á tilfinningunni að það breytist í vikunni.“

-bog



FRUMSÝNING Á ÍSLANDI

Nýr fjölnota 7 manna fjölskyldubíll

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir MAZDA MPV árg. 2005

Komdu sjáðu og prófaðu...

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.



www.x4.is


VEÐRIÐ Í DAG

ÁFRAM HÆGVIDRI Finasta veður áfram. Kannski heldur sólarminna en var í gær, þar sem jó blessuð sólin sýndi sig en þokuloftið varð þess valdandi í gær að lítið sást til þeirrar gulu í Reykjavík og víðar á sunnanverðu landinu. Það er áfram viss hætt á þokulofti með ströndum landsins.

NÆSTU DAGAR Það verður ákaflega keimlíkt veður vikuna á enda og jafnvel eitthvað inn í sjálfa verslunarmannahelgina. Hæð stjórnar veðrinu hjá okkur núna og um leið og lægðirnar ná að brjóta hana, þá...



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur




Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	18°C hálfskýjað	Paris	23°C hálfskýjað
Ósló	17°C skúrir	Berlín	23°C skúrir
Stokkhólmur	18°C hálfskýjað	Frankfurt	23°C hálfskýjað
Helsinki	20°C léttskýjað	Madrid	35°C léttskýjað
London	18°C skúrir	Barcelona	29°C hálfskýjað
Alicante	31°C heiðskirt	Milano	24°C heiðskirt
New York	26°C hálfskýjað	San Francisco	21°C hálfskýjað
Orlando/Florida	34°C hálfskýjað		


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Hæglætisveður. Hætt við þokulofti með ströndum.

Miðvikudagur



Hæg breytileg átt. Hætt við þokulofti með ströndum.

Fangaðu augnablikið!

Þú myndar ekki eftir á

Þess vegna skiptir máli að fanga augnablikið með vél sem þú kannt á og skilar þeim gæðum sem þú sækist eftir. Hjá Ormsson færðu tvö af þekktustu merkjunum á markaðnum.

Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir varðandi verð og gæði - við uppfyllum þær.

OLYMPUS®



Kr. 17.900

CAMEDIA C-480

4.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt flass
- 1.8" skjár
- Quicktime videoúptaka
- Innbyggt 14mb minni
- Hægt að stækka með XD minnskorti
- Notar AA rafhlöður



Kr. 25.900

CAMEDIA C-500

5.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt flass, val á milli 3 stillinga
- 1.8" skjár
- Quicktime videoúptaka með hljóði
- Innbyggt 14 mb minni.
- Hægt að stækka með XD minnskorti
- Notar AA rafhlöður
- Þyngd 150g (án rafhlöðu og minnskorts)



Kr. 27.900

MJU 500 all weather

5.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-105mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 19 prógram stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2.5" LCD skjár
- Quicktime videoúptaka með hljóði
- Notar XD minnskorti
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 160g (án rafhlöðu og minnskorts)



Kr. 27.900

MJU MINI S all weather

5.0 milljón punktar

- 2 x Optical aðdráttur (35-70mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 13 prógram stillinga
- Innbyggt flass
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoúptaka með hljóði
- Notar XD minnskorti
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 165g (án rafhlöðu og minnskorts)



Besta hönnunin 2005



Kr. 44.900

CAMEDIA C-70

7.0 milljón punktar

- 5 x Optical aðdráttur (38-190mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 5 prógram og 3 manual stillinga
- Innbyggt flass
- 2.0" LCD skjár
- Quicktime videoúptaka með hljóði
- Notar XD minnskorti
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 220g (án rafhlöðu og minnskorts)



Kr. 59.900

CAMEDIA C-7070

7.1 milljón punktar

- 4 x aðdráttur (27-110mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/2.8-4.8
- Nærmyndataka niður að 3cm
- Val á milli 7 prógram og 3 manual stillinga
- Innbyggt flass. Flass skór fyrir stærra Olympus flass
- 1.8" LCD skjár
- Videoúptaka með hljóði
- Getur notað bæði XD og Compact Flash minnskorti
- Þyngd 433g (á rafhlöðu og minnskorts)



Kr. 19.900

MJU MINI all weather

4.0 milljón punktar

- 2 x Optical aðdráttur
- Innbyggt flass
- 1.8" skjár
- Quicktime videotaka með hljóði
- 16 MB XD minnskorti
- Hleðslutæki
- Lithium hleðslurafhlaða
- Þyngd 115 gr

Nikon



Kr. 29.900

COOLPIX 5600

5.1 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-135mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga og D-ligting
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoúptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 220 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðu



Kr. 39.900

COOLPIX 7600

7.1 milljón pixlar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- Val á milli 16 prógram stillinga og D-ligting
- Innbyggt flass: Val á milli 4 stillinga og In Camera red-eye fix
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoúptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 100 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðum



Kr. 48.900

COOLPIX 7900

7.1 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 16 prógram stillinga, D-ligting og Face-priority AF
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2.0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Quicktime videoúptaka með hljóði og hristivorm á aðdrætti
- Hægt að nota sem diktafon



Kr. 99.900

D-50

6.1 milljón punktar

- Digital SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Quicktime videoúptaka með hljóði
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-55mm



Kr. 139.900

D-70

6.1 milljón punktar

- SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-70mm

www.ormsson.is



KJÖRKASSINN

Hefurðu ferðast með strætó á þessu ári?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	35%
Nei	65%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlaðu í ferðalag um verslunarmannahelgina?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Lögregla hafði afskipti af mótmælendum við Kárahnjúka:

Mótmælendur haldi sig utan vinnusvæðis virkjunar

MÓTMÆLI Lögreglumenn á Kárahnjúkum höfðu afskipti af hópi mótmælenda við Kárahnjúka í fyrirkvöld er mótmælendurnir gerðu sig líklega til þess að fara inn á vinnusvæði virkjunarinnar.

Hópurinn samanstóð af sögn lögreglunnar á Egilsstöðum af tíu til fimmtán manns og voru þeir beðnir um að fara ekki inn á svæðið. Mótmælendurnir urðu við þeim tilmælum og ekki kom til frekari afskipta, að sögn lögreglu.

„Mótmælendurnir sem hér eru vilja helst að virkjanaf framkvæmdirnar verði stöðvaðar og því er alls ekki óeðli-

egt að þeir vilji fara inn á sjálft vinnusvæðið,“ segir Ólafur Páll Sigurðsson, talsmaður mótmælenda við Kárahnjúka. Að sögn Ólafs voru höfð afskipti af nokkrum hópum mótmælenda á göngu kringum virkjanasvæðið í fyrirkvöld.

Ólafur segir að mótmælendur hafi tekið tilmælum lögreglu vel, að því er hann best viti. „Þessir hópar eru ekki hérna til þess að lenda í átökum við lögreglu,“ segir hann. Nokkrir Íslendingar voru í hópnum, sem samanstóðu af mestu leyti af erlendum mótmælendum.

MYND/PH



MÓTMÆLENDUR VIÐ KÁRAHNJÚKA Lögregla hafði afskipti af mótmælendum sem gerðu sig líklega til þess að fara inn á vinnusvæði virkjunarinnar í fyrirkvöld. Mótmælendurnir komust einnig í kast við lögreglu á þriðjudaginn í síðustu viku fyrir að hlekkja sig við vinnuvélar.

Eiturlyfjasmyglarar gerðu göng undir landamærin

Bandaríska og kanadíska lögreglan hafa fundið 110 metra löng göng sem ætluð voru til að smygla eiturlyfjum milli Kanada og Bandaríkjanna. Göngin lágu frá kofa í Kanada og inn í stofu íbúðarhúss í Bandaríkjunum. Talið er að um 1.700 tonn af maríjúana séu framleidd í Kanada á ári.

BANDARÍKIN Þrír kanadískir menn hafa verið ákærðir fyrir eiturlyfjasmygl og tilraun til störfellds smygls milli Kanada og Bandaríkjanna. Málið er allt hið ótrúlega og virðist sem klippt út úr Hollywood-mynd.

Mennirnir hafa undanfarið ár staðið í stórframkvæmdum í orðsins fyllstu merkingu. Til þess að þurfa ekki að smygla eiturlyfjun-

um í gegnum landamærin gerðu þeir ansi háþrúð 110 metra löng göng undir þau. Göngin lágu frá kofa skammt suður af Vancouver í Kanada og inn í stofu íbúðarhúss í Lynden í Bandaríkjunum. Kanadíska lögreglan komst á snoðir um málið í febrúar þegar framkvæmdir við gangagerðina stóðu sem hæst. Kanadíska lögreglan hafði strax samband við starfsbræður sína Bandaríkjamegin og var fylgst náið með framkvæmdunum upp frá því með myndavélum og upptökutækjum. Í byrjun þessa mánaðar, þegar þremmingarnir höfðu klárað göngin og hugðust fara jómfrúarferðina með 42 kíló af maríjúana í farteskínu, voru þeir handteknir.

„Við höfum séð mörg göng sem notuð hafa verið til að smygla eiturlyfjum en þetta eru líklega þau best gerðu,“ sagði Rod Benson hjá bandarísku fíkniefnalögreglunni (DEA). Göngin eru allt að þriggja metra djúp, styrkt með stálbitum og veggirnir þaktir með timbri. Gólfíð er hellulagt og göngin eru upplýst.

Leigh Winchell hjá bandaríska heimavarnarráðuneytinu sagði gríðarlega mikilvægt að göngin skyldu hafa fundist strax. Þó að útlit væri fyrir að þau hafi fyrst og fremst verið ætluð til eiturlyfjasmygls hefði hæglega verið hægt að smygla ólöglegum innflytjendum og vopnum í gegnum þau. Hann sagði að göngin yrðu eyðilögð við fyrsta tækifæri.

Bandaríska lögreglan hefur alls fundið 34 göng milli Banda-



FUNDAD MEÐ BLADAMÖNNUM Rod Benson hjá bandarísku fíkniefnalögreglunni sýnir mynd af göngunum. Hann sagði að göngin, sem eru þau fyrstu sinnar tegundar milli Bandaríkjanna og Kanada, væru ótrúlega vel gerð.

ríkjanna og Mexíkó en þetta eru fyrstu göngin sem hún hefur fundið milli Bandaríkjanna og Kanada. Talið er að um 1.700 tonn af

maríjúana séu framleidd í Kanada og að um helmingi magnsins sé smyglað til Bandaríkjanna.

trausti@frettabladid.is



FLÓÐ Í JÖKULSÁ Á DAL Vatnavextir í Jökulsá á Dal eru árlegur viðburður.

Jökulsá á Dal:

Búist við að flæði yfir brú

SAMGÖNGUR Flætt hafði upp að burðarbitum árinna yfir Jökulsá á Dal við Kárahnjúka um kvöldmatarleyti í gær og búist var við að yfir brúargólfíð flæddi með kvöldinu, að sögn Haralds B. Alfreðssonar hjá framkvæmdaefrititi Landsvirkjunar.

Brúnni var lokað um klukkan sjö í fyrirkvöld í kjölfar vatnavaxta í áni. Harald segir vatnavextina geta staðið fram eftir ágústmánuði en þeir eru árlegur viðburður. Lokun brúarinnar hefur engin áhrif á virkjanaf framkvæmdir en hún hefur í för með sér rask fyrir ferðamenn á svæðinu.



VEL GERÐ GÖNG Talið er að það hafi tekið eitt ár að gera göngin. Þau eru styrkt með stálbitum, hellulögð og upplýst.



Beint flug til hinnar fögru miðaldaborgar Tallinn í Eistlandi

Innifalið í verði:

Flug, 4 stjörnu hótél m/morgunmat, akstur til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og skattar.

Verð 49.900 kr.

Ferðin er frá 12.-16. október • Síðustu sæti

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimslista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Tallinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er næturlífíð fjörukt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni. Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.

Spennandi skoðunarferðir í boði með íslenski fararstjórn

Trans-Atlantic

Sími 5888900 www.transatlantic.is

Átökin á Gaza-ströndinni í Palestínu:

Sharon hótar hertum aðgerðum

ÍSRAEL, AP Ísraelsher mun grípa til „fordæmislausra aðgerða“ efni herskáir Palestínumenn til árása á ísraelska hermenn og landtökumenn er landtökubýggðir gyðinga á Gazaströndinni verða rýmdar í næsta mánuði. Við þessu varaði Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, í gær, í kjölfar þess að tveir Ísraelar voru drepnir í bíl er skotið var á þá úr launsátri á Gaza-svæðinu.

Einnig gerðist það í gær að ísraelskir hermenn handtóku mann sem sagður er hafa verið að undirbúa sjálfsmorðssprengjuárás.

Ymsir hópar herskára Palestínumanna lýstu yfir ábyrgð á skotárásinni á Gaza, þar á meðal Íslamskt Heilagt stríð og Al Aqsa-Píslarvottaherdeildirnar, sem eru tengdar Fatah-flokknum, aðalstjórnarflokki palestínsku heima-



FASTUR FYRIR Ariel Sharon (fyrir miðju) stýrir vikulegum ríkisstjórnarfundum í Jerúsalem í gær.

stjórnarinnar. Herskáir hópar reyna að láta líta út fyrir að Ísraelar séu að hörfa undan árásum palestínskra skæruliða er þeir

rýma landtökubýggðirnar, frekar en að rýmingin sé útpælt pólitískt útspil Ísraelsstjórnar.

- aa

HR-V

HONDA

The Power of Dreams

Sportlegt sumartilboð



* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

→ Ódýrasti borgarjeppinn enn ódýrari HR-V, Sport með sóllúgu, á sérstöku sumartilboði aðeins

2.149.000 kr.

22.441 kr. á mánuði*

honda.is



Fjörbíllinn fyrir vegi til allra átta

Hleyptu nýju lífi í sumargleðina. Stígðu upp í Honda HR-V, láttu nett ytra rýmið og fjörlega hönnunina koma þér í gott ferðaskap og uppgötvaðu alla möguleikana sem bíða þín. Hann er fjörbíllinn með léttu, fríska og sparneytna vél og innarými sem má aðlaga fyrir allar lífsins ferðir. Hvort sem leiðin liggur út úr bænum eða um hálar götur tryggir fjórhjóladrifið örugga rásfestu og allir þekkja að Honda vörumerkið tryggir Honda gæðin. Nú er enn ódýrara að gera lífið svolítið sportlegra – nýttu tækifærið.





VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvar í Egyptalandi var gerð mann-skæð hryðjuverkaárás um helgina?
- 2 Hvers vegna hyggjast atvinnubílstjórnar stöðva umferð um verslunarmannahelgina?
- 3 Hvað heitir rússneski stangarstökkvarinn sem fór fyrst kvenna yfir fimm metra?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Ræða sem fyrrverandi formaður Verkamannaflokks Tyrklands hélt í Sviss dregur dilk á eftir sér:

Kærður fyrir afneitun þjóðarmorðs

SVISS. AP Tyrkneskur stjórnámaður sætir nú sakarannsókn í Sviss vegna ummæla sinna um að þjóðarmorð Tyrkja á Armenum á tímum fyrri heimsstyrjaldar og í kjölfar hennar væri „lygi“. Rannsóknin byggir á gruni um að maðurinn, Dogu Perincek, sem á tímabili var formaður Verkamannaflokks Tyrklands, hafi brotið gegn svissneskum lögum sem banna hatursáróður og kynþáttamisrétti. Perincek hélt ræðu í Winterthur í fyrri viku í tilefni af því að 82 ár voru þá liðin frá því að Lausanne-samningarnir voru gerðir, en í þeim voru landamæri Tyrklands nútímans ákveðin. Hann er

sakaður um að hafa afneitað þjóðarmorði með því að hafa í ræðunni sagt að fullyrðingar um þjóðarmorð á Armenum væru „lygar heimsvaldasinna“. Talsmenn Armena segja að um ein og hálf milljón Armena hafi verið drepin er hermenn soldánsins hröktu þá úr austurhéruðum Tyrklands á árunum 1915-1923. Tyrknesk yfirvöld hafa staðfastlega neitað að viðurkenna að þjóðarmorð hafi verið framið. - aa

UMDEILD SAGA Dogu Perincek í ræðuham í Lausanne í Sviss í gær.



Enn sprengt í Tyrklandi:

Tveir særðust í Istanbul

ISTANBUL Að minnsta kosti tveir slösuðust í sprengingu á kaffihúsi í Istanbul seint á laugardagskvöld. Lögreglan telur að sprengjan hafi annað hvort verið sprengd með fjarstýringu eða búin tímastilli. Sprengt var á vinsælum ferðamannastað við Galata-brúna.

Hollandíngur og tyrkneskur starfsmaður á kaffihúsinu særðust í sprengingunni. Lögreglan segist gruna kúrdíska uppreisnarmenn um ódæðið en enginn hefur lýst yfir ábyrgð vegna sprenginganna. Á laugardag fyrir viku síðan sprakk sprengja á fjölmennri strönd við Eyjahaf og varð fimm að bana. ■

AUGLYSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Landsmóti skáta á Úlfjótavatni verður slitið á morgun:

Grilluðu naut í heilu lagi

LANDSMÓT Um 4.000 manns eru saman komnir á Landsmóti skáta á Úlfjótavatni og hafa skátar reist lítið þorp á staðnum í tilefni mótsins, sem haldið er þriðja hvert ár.

„Þetta gengur mjög vel hjá okkur, veðrið leikur við okkur og hér er mikið um að vera. Á dagskránni, sem státar af hvorki meira né minna en 54 dagskrárlíðum, getur hver fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Andrea Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri landsmótsins í ár.

Skátarnir hafa því brallað margt um helgina og meðal annars fóru þeir í heimsókn á Nesjavelli, börðust hetjulega í vatnsbardaga, héldu heljarinnar flugeldasýningu og grilluðu naut í

heilu lagi. Auk þess hafa söngkonan Hildur Vala og stúlkna sveitin Nylon leikið fyrir dansi. Á laugardag var sérstakur heimsóknardagur og þá voru um 8.000 manns rennandi í gegnum svæðið og einnig eru staddir á mótinu um 750 erlendir skátar alls staðar að úr heiminum.

„Í kvöld er lokakvöld mótsins, sem verður slitið á morgun. Hljómsveitin Á móti sól mun leika fyrir dansi og munu skátar þá fagna, dansa og syngja fram á rauða nótt,“ segir Andrea. ■

Á KVÖLDVÖKU Ef eitthvað er hægt að segja um skáta þá er það að þeir kunna að skemmta sér á heilbrigðan hátt. Um 4.000 manns voru samankomnir á landsmóti þeirra á Úlfjótavatni um helgina.



Nýr skólastjóri
Landakotsskóla:

Aðeins fengið hamingjuóskir

LANDAKOTSSKÓLI „Það hefur enginn haft samband við mig af þessu óánægða fólki,“ segir Fríða Regína Höskuldsdóttir, nýr skólastjóri í Landakotsskóla, um deilurnar sem þar hafa verið. „Enn sem komið er hef ég ekkert annað fengið en hamingjuóskir.“ Hún segist ekki taka þeirri gagnrýni persónulega sem komið hefur fram í fjölmiðlum.

Regína vill þó ekki gera lítið úr deilunum. „Það þarf að taka á þessu. En enn sem komið er hef ég mjög lítinn skilning á því um hvað þetta snýst og veit aðeins það sem ég hef lesið í fjölmiðlum. Ég veit ekki einu sinni hverjir það eru sem eru óánægðir.“

Regína segist ætla að taka á deilumálunum með opnum huga. Hún ætlar að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum að bjóða foreldrum barna í skólanum til fundar. „Kennararnir mæta síðan til starfa um miðjan ágúst, en ég vona að einhverjir þeirra gefi sig fram við mig fyrr til að ræða málin.“

- grs



FRÍÐA REGÍNA HÖSKULDSDÓTTIR Regína segist ekki taka gagnrýni á ráðninguna persónulega.

Traktorgröfur



Liðstýrð traktorsgrafa VF- 9.23

- Lyftigeta á framskóflu 3.500 kg í fulla hæð.
- Perkins I 104-44T. 86KW/117 hp.
- Vinnuþyngd 8.500 kg.

Fjór hjólastýrð traktorsgrafa VF 10.33B

- Lyftigeta á framskóflu 3.000 kg í fulla hæð.
- Perkins I 104-44T. 77KW / 105 hp.
- Vinnuþyngd 8.800 kg.

Í báðum vélum:

- Lyftigeta á gröfuarmi í fulla hæð á dipper enda 1.500 kg.
- Mótör staðsettur þversum í miðju vélar undir öikumannshúsi.
- Fullkomið jafnvægi vélar með mótör undir miðju húsi.
- „Vökva Servo“ fyrir gröfuarm og mokstursarm.
- „Boch Rexroth Hydrostatic transmission“ stíglaus skipting.
- „Speed reduction“ stillanlegur ökuhraði óháður snúningshraða mótors.
- „Inch pedal“ Skipting slær út við hemlun vélar.
- Vökvahraðtengi fyrir framskóflu.
- Brettagafflar á lyftaraplani.
- Tregðulæsing fyrir fram- og afturdrif.
- Loftsaeti fyrir öikumann.
- Yfirstærð af rafgeymi og alternator.
- Opnanleg framskófla með skera.
- Gúmmiplattar undir stuðfótum.
- Öryggisventill fyrir gröfuarm.
- Lagnir fyrir brothamar og vökvabor.
- Skotbóma, mesta grafdýpt 5.800 mm.
- „Vökva Servo“ fyrir gröfuarm.
- „Vökva Servo“ fyrir mokstursgálga.
- 4 stk. grafskóflur. 45 cm – 60 cm – 90c m – 130 cm.

VENIERI – handsmíðaðar gæðavélar

Vélar og þjónusta hefja innflutning á frábærum vinnuvélum frá Venieri. Venieri er einn virtasti framleiðandi vinnuvéla í Evrópu, ítalskt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir um 900 vélar á ári. Vélar eru ekki settar saman í fjöldaframleiðslulínu heldur er hver og ein handsmíðuð af sérþjálfuðum starfsmönnum. Venieri-vélar hafa reynst framúrskarandi við íslenskar aðstæður og eru á mjög góðu verði.

Eigum Venieri-vélar á lager - komdu og kynntu þér þær!



VÉLAR: ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 | 10 Reykjavík Sími: 5-800-200



VÍMULAUS FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

Á MÓTI SÓL • HILDUR VALA BERMUDA • BIRTA & BÁRÐUR



HÆSTA HENDIN & SESAR-A
LOVEGURU ALLSTARS



NYLON • RAGGI BJARNA



HELGI VALUR • STINGANDI STRÁ
BARNASKEMMTANIR • LEIKTÆKI



PÉTUR PÓKUS • POPPMESSA
Á.M.S KARAOKEKEPPNI



KVÖLDVÖKUR • PLÖTUSNÚÐAR



SPRIKLANDI FERSK UNG-BÖND • ÖKULEIKNI



FRÁBÆR AÐSTAÐA FYRIR FJÖLSKYLDUFÓLK



Forsala aðgöngumiða í verzlunum Hagkaupa

Sparaðu 1200 kr.
Frítt fyrir 12 ára
og yngri

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



SULLAÐ Í SEÚL Ferðalangar í Suður-Kóreu kæla sig niður í hitanum. Hitabylgja gengur yfir landið og mun þetta vera heitasta sumarið þar í landi í heila öld.

Velhjólamenn semja við sveitarfélagið Ölfus:

Torfæra leyfð í Jósepsdal

VÉLHJÓLAÍPRÓTTIR Velhjólafélagið Ölfus og Landssamband íslenskra vélsleðamanna í Reykjavík hafa samið við sveitarfélagið Ölfus um afnot á svæðinu sunnan við Litlu kaffistofuna og inn í Jósepsdal fyrir æfingaakstur torfæruhjóla og vélsleða. Torfæruhjólamenn hafa um árabíl reynt að bæta úr aðstöðuleysi torfæruhjólanna til að koma í veg fyrir utanvegaakstur og árekstra við annað útivistarfólk.

„Á svæðinu eru afmarkaðar brautir og þeir hafa sett sér markmið varðandi umhverfismál en í þessum samningi er tekið á þeim þætti líka. Það er

gott að fá þessa menn til þess að taka þetta land í fóstur, við erum ánægðir með að fá hjálp frá þeim til að græða þetta upp,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Ölfuss.

„Svona svæði snýst ekki endilega um það að fólk fái stórkostlegt frjáltsræði, heldur vilja menn vera á ákveðnu svæði á slóðum í sátt við sjálfa sig og aðra. Það þarf bara að vera gaman og krefjandi að keyra,“ segir Hrafnkell Sigtryggsson, formaður Vélhjólafélagssins, en samningurinn var undirritaður í gær.



UMHVERFISRÁÐHERRA Sigríður Anna Þórardóttir umhverfisráðherra var viðstödd undirritunina í Litlu kaffistofunni.

- rsg

Fyrsti áfangi Strandgöngunnar:

Lýkur á morgun

STRANDGANGA Fyrsta áfanga strandgöngu Jóns Eggerts Guðmundssonar til styrktar Krabbameinsfélaginu lýkur á Egilsstöðum á morgun. Jón Eggert hefur þá gengið rúmlega níu hundruð kílómetra leið frá Hafnarfirði um Suðurnes, Suðurland og Austfirði.

Næsta sumar ætlar Jón Eggert að ganga frá Egilsstöðum og meðfram ströndinni til Hrutafjarðar en hann hyggst loka hringnum sumarið 2007. Hægt er að leggja framlög til Krabbameinsfélagsins inn á söfnunarreikning 0301-26-102005 eða hringja í söfnunarsíma 907 5050.

- ht

VG og Háskólinn á Akureyri: Vöxtur skólans verði tryggður

MENNTUN Vinstrihreyfingin – grænt framboð á Akureyri vill að stjórnvöld leggi Háskólanum á Akureyri til aukið fé svo tryggja megi vöxt skólans. „Það er hróplegt ósamræmi milli byggðastefnu og skattalækkunarstefnu stjórnvalda annars vegar og þess að draga úr uppbyggingu Háskólans á Akureyri hins vegar. Með því að hægja á þessari mikilvægu þróun í íslensku menntalífi er verið að loka fyrir blóðflæði til landsbyggðarinnar og bregðast því fólk sem hefur valið og vill velja þessa leið til mennta,“ segir í tilkynningu frá Vinstri grænum á Akureyri.

- kk

Alvarlegur skortur á starfsfólki í bygginga- og verktakaiðnaði:

Barist um hvern einasta starfsmann

ATVINNUMÁL Rétt tæpur helmingur af öllu starfsfólki helstu og stærstu verktakafyrirtækja á Íslandi er af erlendu bergi brotið

	Fjöldi starfsmanna u.þ.b.	Þar af erlendir starfsmenn u.þ.b.
Háfell	60	4
Ris ehf	100	20
Ístak	600	150
ÍAV	450	30
Impregilo	1.200	1.100
Heimir & Þorgeir	60	10
Loftorka	200	30
Héraðsverk	160	10
Alla	2.830	1.354

samkvæmt lauslegri úttekt Fréttablaðsins eins og sést á meðfylgjandi töflu.

Er það mat þeirra sem slík fyrirtæki eiga og reka að tala erlendra starfsmanna eigi eftir að hækka til muna enda annatími fram undan hjá flestum og hart barist um hvern starfsmann. Engin leið sé að fá hæft íslenskt fólk til vinnu og til að standa við verk-samninga sína sé fyrirtækjum nauðugur sá kostur að leita út fyrir landsteinana. Er helst leitað til atvinnuleiga í Póllandi og Portúgal



UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM Í KÓPAVOGSGJÁNNI Stóru íslensku verktakafyrirtækin eru bæði með innlenda og erlenda starfsmenn við störf er staðan er önnur hjá litlum verktökum víða um land. Hafa sumir þeirra eingöngu erlenda starfsmenn í vinnu.

en reynslan er almennt góð af starfsmönnum þaðan. Þykja Pólverjarnir sérstaklega duglegir til

vinnu. eru þeir velflestir fagmenntaðir og setja langan vinnudag ekki mikið fyrir sig.

- aðe

SÖNGNÁMSKEIÐ



María Björk
Skólastjóri/Kennari

Regína Ósk
Yfirkennari/Kennari

Birgitta Haukdal
Söngkona/Kennari

Hera Björk
Söngkona/Kennari

Jónsi
Söngvari/Kennari

Þóra
Söngkona/Kennari

Ragnheiður
Söngkona/Kennari

Friðrik Ómar
Söngvari/Kennari

Eivör Pálsdóttir
Söngkona/Kennari

Alma Rut
Söngkona/Kennari

Björgvin Franz
Leikari/Kennari

Yesmine
Dansari/Kennari

HAUSTÖNNIN ER AÐ HEFJAST

Á haustönn verður boðið uppá:

5 ára og eldri: Byrjenda- og framhaldsnámskeið

Unglingar: Byrjenda- og framhaldsnámskeið

Fullorðnir: Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladisk í lok námskeiðs.

Nýtt: Námskeið fyrir lengra komna með Guðrun Holck. Einstakt tækifæri fyrir góða söngvara (ekki bara atvinnufólk) 13 ára og eldri.

Markmið söngkennslunnar er að þjálfna nemdur í tülkun, raddbeitingu, sjálfstyrkingu og framkomu. Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri á að koma fram opinberlega svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum veltvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslíð sem eru atvinnu-menn hver á sínu sviði.

Skráning og upplýsingar:

Sími: 575 1512 & 897 7922

E-mail: aria@islandia.is

Skólinn mun á þessari önn auka samstarf sitt við sérhæfðan söngskóla erlendis. Boðið verður upp á námskeið sem byggir á þjálfun í söng og raddtækni fyrir atvinnusöngvara og þá sem eru lengra komnir í námi. **Guðrun Holck**, sem er með mastersgráðu frá þessum skóla mun koma og stýra námskeiðinu.



Guðrun Holck

SÖNGSKÓLINN ER Í LEIT AÐ HÆFILEIKAFÓLKI!

Við erum að velja börn og unglunga í nokkur verkefni sem unnið er að á þessu ári og á því næsta, þ.á.m. Geisladiska, myndbönd, sjónvarpsútsendingar ofl.

Lánasjóður bænda einkavæddur:

Heildareignir tæpir tuttugu milljarðar

EINKAVÆÐING Lánasjóður landbúnaðarins, sem rekinn er af ríkinu, var auglýstur til sölu í föstudaginn af einkavæðingarnefnd. Munu væntanlegir kaupendur taka útlánasafn sjóðsins yfir ásamt eignum og skuldum.

Um síðustu áramót voru heildareignir sjóðsins 18,7 milljarðar króna. Útlán sjóðsins í árslok 2004 námu rúmum 16 milljörðum króna samkvæmt ársskýrslu. Mest er um framkvæmdalán og lán til jarðarkaupta að ræða. Hagn-

aður í fyrra var 192 milljónir króna en 15 milljónir árið 2003. Eigið fé var 3,3 milljarðar.

Einungis fjármálafyrirtæki sem hafa trausta fjárhagsstöðu og alþjóðlegt lánshæfismat mega gera tilboð í sjóðinn. Áhugasamir verða að skila inn erindi til einkavæðingarnefndar fyrir lok 5. ágúst næstkomandi. Tilboðsgjafi á að leggja sig fram um að starfsfólk sjóðsins haldi störfum sínum eða fái sambærileg störf hjá tilboðsgjafa.



FRÁ ÖNUNDFIRÐI Lánasjóður landbúnaðarins hefur lánað bændum fé á hagstæðum kjörum til að kaupa jarðir, vélar og skepnur.

Sérstaða sjóðsins hefur gjörbreyst eftir að bankarnir fóru að

bjóða fólk lán á hagstæðari kjörum en áður síðastliðið haust. - bg



FYLGST MEÐ ENSKU PÓLÓI Ástralska leikkonan Cate Blanchett faðmar son sinn í áhorfendastúkunni á úrslitaleik Coronation Cup í póló í Windsor Great Park á Englandi í gær.



BÖRNUM BJARGAÐ ÚR ÞRÆLDÓMI Indverskir lögreglumenn taka niður nöfn barna sem bjargað var úr barnaprælkun í Bombay í Indlandi í gær.

Barnaprælkun á Indlandi:

Sjötíu og einu barni bjargað

BARNAPRÆLKUN Indverska lögreglan frelsaði 71 barn úr nokkrum litlum verksmiðjum í Bombay í Indlandi í gær. Flest störfuðu við fataiðnað.

Indland er það land í heiminum þar sem mest er um barnaprælkun. Jafnvel er talið að alls séu allt að 100 milljónir barna undir fimmtán ára starfandi í Indlandi við hvers kyns störf, allt frá landbúnaði til verksmiðjustarfa.

- sda



BENEDIKT XVI Leggur áherslu á samræður milli trúarhópa.

Páfi fordæmir hryðjuverk:

Hittir múslima í Köln

ITALÍA, AP Benedikt XVI páfi fordæmdi í gær aftur hryðjuverk sem framín voru nýlega í Evrópu og Mið-Austurlöndum. Þá bað hann guð um að taka fyrir hendur hryðjuverkamanna. Í næsta mánuði fundar páfi með fulltrúum múslima í Þýskalandi í Köln og segir talsmaður páfa hann telja að fundurinn verði afar mikilvægur.

Páfinn bætti fundinum skyndilega á dagskrá sína en hann mun ferðast til Kölnar til að taka þátt í heimsmóti æskulýðshreyfingar kaþólsku kirkjunnar. Þá mun hann einnig heimsækja bænahús gyðinga í borginni og ætlar páfi greinilega að leggja áherslu á samræður milli trúarhópa í fyrstu erlendu heimsókn sinni. ■



í Reykjavík 25.-28. júlí

Komdu við í verslunum Símans í Reykjavík og kynntu þér frábær Símadagatilboð.



Línuskautar á 2.000 kall
með öllum GSM tilboðum í sumar.
Hlífar fylgja með.



Sony Ericsson K508
Skemmtilegur sími með fullt af möguleikum

2.980 Léttkaups-útborgun

og 750 kr. á mánuði í 12 mánuði

Símadagatilboð: 11.980 kr.

Eingöngu fyrir kort frá Símanum



Sony Ericsson T630
Spennandi sími með myndavél

1.780 Léttkaups-útborgun

og 600 kr. á mánuði í 12 mánuði

Símadagatilboð: 8.980 kr.

Eingöngu fyrir kort frá Símanum



Priðjudagur



Kringlan

Sirkusuppákomur

kl. 14.30-16.30

Línuskautanámskeið og keppni

kl. 14.30-16.30

Hildur Vala tekur lagið

kl. 16.00

Smáralind

Sirkusuppákomur

kl. 17.00-19.00

Línuskautanámskeið og keppni

kl. 17.00-19.00

Hildur Vala tekur lagið

kl. 18.00

Síminn

„ORÐRÉTT“

„Guðni Ágústsson er reyndar búinn að lofa að senda mér kú svo ég geti alltaf fengið skyr.“

KRISTJÁN KORMÁKUR GUDJÓNSSON, RITHÖFUNDUR Á SPÁNI, Í FRÉTTABLAÐINU.

„Ég held að ég sé bestur í íþróttum, stjórnmálum, sögu og landafræði.“

SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON ALPINGSMAÐUR Í DV.

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL SKIPAN ÚTVARPSSTJÓRA



KJARTAN BJÖRNSSON

Líst vel á Elínu Hirst


Innan tíðar mun menntamálaráðherra skipa útvarpsstjóra úr hópi 22 umsækjenda. „Mér list ágætlega á marga þarna,“ segir Kjartan Björnsson, háskerfi á Selfossi. „Kjartan Víðó Vestmannaeyingur kemur reyndar sterkur inn. Ég þekki hann af góðu einu,“ segir Kjartan en segir nafna sinn þó ef til vill helst til ungan fyrir starfið. „Kannski er hann heldur ekki að leitast eftir embættinu í fullri alvöru og þó, ég ætla ekki að fara að gera honum annað upp.“

Kjartan segir annars tvö skera sig úr: Pál Magnússon og Elínu Hirst. „Ég myndi skjóta á Elínu Hirst. Í fyrsta lagi á hún afmæli sama dag og ég og ég held meira að segja að hún haldi með Arsenal. Mér list því bráðvel á hana.“ Kjartan horfir alltaf á ávarp útvarpsstjóra á gamlárskvöld og heldur að Elín myndi taka sig bráðvel út í því.

Fegurðarsamkeppni í Bandaríkjunum:

Ungfrú hjólastóll 2005 valin

Kristen Connors hefur verið kjörin fegursta kona Bandaríkjanna sem bundin er við hjólastól. „Ég er algjörlega orðlaus,“ sagði hin 33 ára gamla Connors þegar sigurinn var í höfn.



Árlega er keppnin Ungfrú hjólastóll haldin í Bandaríkjunum, en henni var hleypt í uppnám í apríl síðastliðnum þegar í ljós kom að sigurvegari keppinnar í Wisconsin fylki gat staðið upp hjálparlaust og var svipt titlinum í kjölfarið. Hún þjáðist hins vegar af vöðvarýrnunarsjúkdómi og var því að mestu leyti bundin við hjólastól. Keppnishaldarar voru gagnrýndir fyrir að svipta hana titlinum því það ætti ekki að vera undir þeim komið hversu fatlaðir keppendur þyrftu að vera til að geta tekið þátt.

Connors, sem vinnur hjá þingmanni í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, segist vilja vera andlit fatlaðra í Bandaríkjunum. Hún ætlar að ferðast um landið og vekja athygli á málstað fatlaðra. Connors tók við titlinum af Juliette Rizzo.

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Sólbakaðir á kvöldvöku í Löngumýri

Ferðin gengur enn eins og í sögu og veðurguðirnir hafa verið okkur hliðhollir upp á síðkastið. Á laugardagskvöld heimsóttum við svo Löngumýri, en þar rekur Rauði krossinn sumarþúðir fyrir fatlaða. Þar skemmtum við okkur konunglega á kvöldvöku og sungum langt fram eftir kveldi. Við gætum þess þó að fara ekki of seint í háttinn enda langur vegur framundan. Við vöknudum endurnærðir í gærmorgun og héldum af stað. Það var reyndar fullheitt, um 25 stiga hiti og ekki ský á himni. Spörin voru vissulega þung og við gætum þess að drekka nóg af vatni, en hitinn hægði sem



betur fer ekki á okkur. Við vorum sem betur fer með nóg af sólarvörn og höfum borið hana á okkur í lífravis og erum orðnir ansi klístraðir. Við komum við að Hólum í Hjaltadal og áðum þar í drykkilanga stund. Það var gaman að koma á þann sögufræga stað. Þaðan lá leiðin í Skagafjörð og upp Stóra-Vatnsskarð. Við gerum ráð fyrir að ljúka göngunni yfir það á morgun en handan þess tekur Austur-Húnavatnssýsla við. Eins og er erum við umluktir þoku og norðangola leikur við okkur. En spáin er góð og við búumst við að þokunni létti áður en langt um líður.

Vegalengdir vefjast fyrir vegfarendum

Amerískum bílum hefur snarfjölgað á íslenskum vegum. Flestir eru þeir búnir mílumælum sem gagnast vegfarendum illa þar sem upplýsingar um vegalengdir eru gefnar upp í kílómetrum.



JÓN RÖGNVALDSSON



STEFÁN ÁSGRÍMSSON



GEIR JÓN ÞÓRISSON

Ein míla er rúmlega 1,6 kílómetrar og þannig er hin 389 kílómetra leið milli Reykjavíkur og

það vill vefjast fyrir öikumönnum amerískra bíla að umbreyta kílómetrum yfir í mílur og öfugt. Vestanhafs eru vegalengdir mældar í mílum og bílar sem framléiddir eru í Bandaríkjunum sýna jafnan hraðann í þeirri mælieingu í stað kílómetra líkt og tíðkast í Evrópu. Raunar eru kílómetrarnir sýndir með smærra lettri svo ekki ætti að vefjast fyrir mönnum að sjá á hvaða hraða ekið er. Vegalengdamælar slíkra bifreiða eru á hinn bóginn aðeins mílumælur og því getur reynt örðugt að átta sig á hversu langt hefur verið ekið.

Konungleg útför:

Kóreska konungsættin öll

Yu-Ki, sonur síðasta ríkisarfa kóresku konungsættarinnar, sem ríkti í á tímavilinu 1392 til 1910, var borinn til grafar í gær og markar það endalok Chosun-konungsættarinnar. Þúsundir Suður-Kóreubúa fylgdu Yu-Ki þegar hann var borinn til hinu hvílu.

Yu-Ki, sem var 73 ára, lést af völdum hjartaáfalls á laugardag fyrir rúmri viku á hótélherbergi í Japan, þar sem hann bjó mestalla sína ævi. Hann lifði í talsverðri einangrun síðustu æviárin og fannst lík hans ekki fyrr en tveimur dögum eftir að hann dó. Japanir settu afa Yu-Ki af árið



MÍLURNAR MÆLDAR Öikumönnum amerískra bíla reynist sumum örðugt að reikna út á ferð hve langt er á áfangastað þar sem vegalengdirnar eru gefnar upp í kílómetrum en ekki mílum.

Akureyrar 241 míla. Að sama skapi eru kílómetrarnir 654 milli Reykjavíkur og Egilsstaða 406 mílur og spottinn milli Reykjavíkur og Selfoss er 57 kílómetrar en 35 mílur.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir ekki hafa komið til tals að gefa upp vegalengdir í mílum til hliðar við kílómetra á skiltum við vegi landsins. Og ekki nóg með að það hafi ekki komið til tals, það kemur bara alls ekki til greina, segir hann.

Sú var tíðin að menn, sem gómáðir voru fyrir af hraðan akstur á amerískum bílum, báru fyrir sig að í bílnum væri mílumælir. Þeir reyndu því að fá milda meðferð yfirvaldsins þar sem þeir töldu sig vera á löglegum hraða en gleymdu bara að mælirinn sýndi

mílar en ekki kílómetra. Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir þetta hætt að heyrast; menn þekki muninn á mílum og kílómetrum.

Þeir eru þó til sem reyna að nýta sér andvaraleysi gagnvart mílum og veit Stefán Ásgrímsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda af máli þar sem fólk, sem keypti notaðan bíl, stóð í þeirri trú að hann væri ekinn 120 þúsund kílómetra. Við nánari athugun kom hins vegar í ljós að honum hafði verið ekið 120 þúsund mílur sem svarar til 193 þúsund kílómetra. Þar er stór munur á en fátt hægt að segja þar sem það er á ábyrgð kaupanda að ganga úr skugga um hvort bíllinn mælir vegalengdir í mílum eða kílómetrum. bjorn@frettabladid.is

Starfar með nígerísku mafiunni og svíkur milljónir af Íslendingum

DV hefur undir höndum skjöl sem sanna fjárvik Kristins, áttæðs fyrrverandi forstjóra



þeirir þegar aðrir þegja!



FRÁ ÚTFÖRINI Þúsundir Suður-Kóreubúa fylgdust með þegar Yu-Ki var lagður til hinu hvílu.

Sundfatatíska íslenskra karla:

Skálmalausar skýlur á undanhaldi

Þröngar skálmalausar sundskýlur eru á undanhaldi að sögn fagmanna. „Það kaupir þær eiginlega enginn,“ segir Erla Gerður Viðarsdóttir, afgreiðslustúlka í Intersport. „Við erum með þær til sölu en þær hreyfast varla úr hillunum. Það eru helst menn í eldri kantinum sem halda í hefðina og kaupa skálmalausar skýlur,“ bætir hún við. Það er af sem áður var þegar enginn var maður með mönnum í almenningssundlaugum landsins nema að vera í skálmalausri brók.

Erla segir íslenska karlmennt helst vilja skýlur með boxer-sniði,

en margir kjósi að vera í víðum sundbuxum sem líkjast stuttbuxum. Sjálfri finnst henni þetta breyting til batnaðar.

Dökkblár er vinsælasti liturinn og aðrir dökkir litir fylgja í kjölfarið. Greinilegt er að þótt íslenskir karlmennt séu meðvitaðir um sundfatatískuna fara þeir sér engu óðslega, lítið er um skæra liti og skrautleg mynstur nema hjá yngri kynslóðinni.

Verð er misjafnt eftir tegundum en fá má ágæta skýlu fyrir um 3.000 krónur.



- bs VINSÆLASTA SKÝLAN Karlmennt vilja helst skýlur með boxer-sniði, en margir kjósa að vera í sundbuxum sem líkjast stuttbuxum.



ÖRN ARNARSON Sundföt að hætti keppnismanna hafa ekki fest sig í sessi meðal gesta almenningssundlauga.



HORFT YFIR KÆLINN

Kúabændur gleðjast:

Smjörið selst vel

Meira selst af smjöri nú en í langan tíma samkvæmt samantekt Samtaka afurðastöðva í mjólkur-iðnaði. Rúmt 61 tonn af smjöri seldist í júní, þrettán prósentum meira en í júní í fyrra. Sé smjöriinu deilt niður á landsmenn kemur í ljós að hver Íslendingur borðaði um 200 grömm af smjöri í síðasta mánuði.

Til samanburðar má nefna að 44 tonn af smjöruva seldust í júní og 27 tonn af léttsmjöri.

Kúabændur fagna aukinni smjörsölu og á vef þeirra, naut.is, segir að mjög ánægjulegt sé að sjá hve neysla á smjöri hefur aukist aftur jafnt og þétt eftir jafnt undanhald á fyrri árum.

Heildaraukning varð í sölu mjólkurvara í mánuðinum miðað við sama tíma í fyrra og skýrist hún helst af aukinni sölu skyr-drykkja, rjóma, fiturikari osta og svo smjörs líkt og áður var getið.

Ögn meira er auk þess keypt af léttsmjólk en nýmjólk en athyglisvert er að heldur dró saman með mjólkurtegundum í nýliðnum júnímánuði.

- bps



GOTT BÁÐUM MEGIN Bandaríski hjóla-keppingarni Lance Armstrong maular kex á meðan hann hjólar til sigurs í Tour de France-keppninni.

RATAÐU Á RÉTTA TÆKIÐ



Garmin StreetPilot c320 leiðsögutæki fyrir bifreiðar

Nýtt GPS kort fyrir Garmin-tæki með götum og heimilisföngum

GPS kort er vektor-kort af Íslandi fyrir Garmin GPS-tæki með leiðsöguhæfum vegagögnum um allt land, ásamt götukorti af höfuðborgarsvæðinu með heimilisföngum, 40.000 örnefnum og áhugaverðum stöðum, vatnafari, þjóðvegum, fjallaslóðum og skálaskrá. Í fyrsta sinn á Íslandi er saman komið vegakort með leiðsöguhæfum gögnum fyrir PC-tölvur, Windows Mobile handtölvur og Garmin GPS-tæki. Láttu ekki afvegaleiða þig – veldu Garmin.



Garmin Quest

Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða mótörhjól. Fer líka vel í vasa þegar tveir jafnfljóttir fara af stað.



Garmin GPSmap 60C

Níðsterkt tæki í alla útivist. Eitt með öllu!



Garmin iQue M5

Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.



www.garmin.is

GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS-staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum tæki sem henta fyrir bátinn, bílinn, flugið, útivistina og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.




R. SIGMUNDSSON

SVONA ERUM VIÐ

Vinnuafli á Íslandi árunum 2003 og 2004

Heimild: Hagstofan



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING? ÞJÓNUSTUSAMNINGAR STARFSMANNALEIGA

Verkamenn til leigu

Nokkur mál erlendra verkamanna hér á landi hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanföngu og atvinnuveitendur þá verið sakadír um að borga þeim ómannsæmandi laun og veita óviðunandi aðbúnað. Í flestum tilfellum hafa starfsmennirnir verið á svokölluðum þjónustusamningum.

Hvernig virkar þjónustusamningur?

Samninginn gerir starfsmannaleiga í viðkomandi landi. Verkamaðurinn starfar fyrir leiguna en hún leigir hann til fyrirtækja sem þurfa á störfum hans að halda. Hann er þó áfram starfsmaður leigunar en ekki fyrirtækisins sem nýttir sér störf hans. Fyrirtækið greiðir svo starfsmannaleigunni eina upphæð fyrir verkamanninn en ber að öðru leyti ekki ábyrgð á launakjörum hans. Fyrirtækið veitir þó yfirleitt fæði og húsnæði.

Eru þjónustusamningar löglegir?

Talsmenn verkalýðshreyfingarinnar hafa flestir talið að þjónustusamningurinn sé í raun ekki ólöglegur svo lengi sem verkamaðurinn fái þau laun sem kjarasamningar hér á landi eiga að tryggja honum. Aðrir benda á að þjónustusamningur byggji á ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði vöru og þjónustu og verkamenn geti aldrei fallið undir þann flokk. Héraðsdómur Austurlands sýknaði í maí síðastliðnum vinnuveitanda og lettneska verkamenn sem kærðir hefðu verið en þeir voru á slíkum þjónustusamningi. Deilt er um forðæmisgildi þess dóms.

Hvaðan eru þessar starfsmannaleigur?

Viða eru til starfsmannaleigur en í þeim tilfellum sem umdeild hafa verið hér á landi eru



Verkamennirnir yfirleitt frá pólskum eða lettneskum leigum.

SPURT & SVARÐ

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR
STARFSMANNALEIGAGISSUR PÉTURSSON, FORSTJÓRI
VINNUMÁLASTOFNUNARDulbúnir
samningar

Mikið hefur verið deilt um þjónustusamninga starfsmannaleiga hér á landi. Hafa tvö slík mál farið fyrir dómstóla og í síðustu viku var annað slíkt mál kært til sýslumanns á Akranesi. Margir hafa gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir að vera of sein og treg til að veita erlendu verkafólki atvinnu- og dvalarleyfi og segja jafnvel að þjónustusamningar séu svar atvinnulífsins við þessari tregðu.

Eru stjórnvöld of sein og treg til að veita erlendu vinnuafli dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi?

Íslensk stjórnvöld verða ekki sökuð um það, sérstaklega ef miðað er við önnur lönd. Hér á landi ganga þessi mál mjög hratt fyrir sig ef öll gögn eru í lagi.

Eru þjónustusamningar starfsmannaleiga löglegir?

Já, almennt eru þeir það, en það sem við höfum verið að takast á við er að menn eru farnir að dulbúa samninga sem alla jafna ættu að vera ráðningarsamningar sem þjónustusamninga.

Eru Íslendingar hættir að vilja vinna verkamannastörf?

Það ætla ég rétt að vona ekki. En vissulega höfum við orðið vör við það að það getur verið erfið að manna fiskvinnslustörf svo það getur verið að þessi þróun eigi sér stað. Ég held að Íslendingar ættu nú að hugleiða það alvarlega.

Frelsisþróun eða endalok velferðarkerfisins?

Frelsi erlendra starfsmannaleiga til að veita þjónustu hér á landi og frelsi íslenskra fyrirtæki til að kaupa þá þjónustu er afar umdeilt. Sumir segja þetta þrælshald og að þessi þróun geti greitt velferðarkerfinu náðarhögg. Aðrir segja þetta hagkvæmt fyrir þá erlendu verkamenn sem hingað kjósa að koma.

Frá því framkvæmdir hófust við Kárahnjúka hafa málefni erlendra starfsmanna hér á landi mikið verið til umræðu, enda ýmis átök gefið tilefni til. Mál af þessu tagi einskorðast þó ekki við Kárahnjúka því fyrir skemmstu kærði Verkalýðsfélag Akraness atvinnurekanda í bænum sem var með fimm pólska verkamenn í vinnu. Reiknaðist verkalýðsfélaginu svo til að atvinnurekandinn greiddi pólskri starfsmannaleigu 140 þúsund krónur fyrir hvern verkamann á mánuði en sjálfir segjast þeir fá 77 þúsund krónur hver í mánaðarlaun.

Þessi deila hefur marga fleti og getur framvinda hennar haft mjög víðtæk áhrif á íslenskt samfélag.

FRÉTTASKÝRING
ERLENDIR VERKAMENN
OG STARFSMANNALEIGURJÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
BLAÐAMAÐUR

Frelsið er ekki aðeins okkar

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Sputnikbáta, sem kærðir hafa verið fyrir að hafa pólska verkamenn í vinnu hjá sér á þjónustusamningum, segir að verkalýðshreyfingin verði að skilja það að pólskum og lettneskum starfsmannaleigum sé frjálst að selja sína þjónustu hér á landi þar sem EES-samningurinn tryggir frjálst flæði vöru og þjónustu.

Samkvæmt þessum skilningi eru íslensk fyrirtæki sem nýta sér störf erlendra verkamanna á þjónustusamningi ekki vinnuveitendur þeirra heldur þjónustuþegar. Íslenska fyrirtækið borgar svo starfsmannaleigunni fyrir þjónustuna en hún er vinnuveitandi verkamannanna og því hvílir ábyrgðin á hennar herðum um að ákvæðum vinnulöggjafar sé fylgt. Af því leiðir að verkamennirnir greiða skatt í því landi sem starfsmannaleigan tilheyrir enda teljast þeir starfsmenn hennar.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálagstofnunar, segir hins vegar að skattur verði að vera greiddur hér á landi fyrir þá vinnu sem hér er unnin. Minnir hann á að Impregilo hafi áður haft verkamenn sem voru fengnir frá portúgalskri leigu og talið í fyrstu að það fríaði þá frá því að greiða skatta hér á landi en annað hafi komið í ljós. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur starfsmannaleigan sem Impregilo á í viðskiptum við opnað útibú hér á landi.



FRAMKVÆMDIR Á LANDSBYGGÐINI Vinnuveitendur segja að erlendir verkamenn hafi bjargað þjóðfélaginu á þenslutímum. Þeir segja að flestir þeirra sem komi hingað gegn þjónustusamningum uni hag sínum mjög vel. Oft er þó þannig að þessum málum staðið að verkalýðsfélögum þykir aldar verkalýðsstarfi ógnað, sem og íslensku velferðarkerfi.

Látið reyna á lögmæti þjónustusamnings

Tveir dómur voru felldir í maí síðastliðnum í Héraðsdómi Austurlands þar sem reynt var á lögmæti þjónustusamninganna. Þar voru bæði GT verktakar og lettneskir verkamenn sýknaðir. Þeir störfuðu fyrir starfsmannaleiguna Víslande SIA í Lettlandi en GT Verktakar nýttu sér þjónustu þeirra. Íslenskir starfsmenn sem sagt hafði verið upp hjá GT Verktökum höfðu samband við Vinnuálagstofnun vegna Lettanna, sem ráðnir voru til starfa hjá fyrirtækinu en höfðu hvorki atvinnuleyfi.

Magnús Nordal, lögfræðingur ASÍ, segir þennan dóm ekki hafa forðæmisgefandi gildi því um sakamál sé að ræða og í slíkum dómum gildi allt önnur sjónarmið um sakarmat og sönnun en í málum sem varða Evrópurétt.

Hann segir að sá dómstóll sem úrslitum ráði í málum sem varða túlkun á Evrópureglum sé EFTA-dómstóllinn og hann hafi ekki verið spurður álits.

Grefur undan velferðarkerfinu

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segist hafa verulegar áhyggjur af þróun þessara mála því sjálfu íslenska velferðarkerfinu sé stefnt í voða. „Ef þetta er löglegt, sem ég trúi þó ekki að það sé, verður enginn til að greiða til hins opinbera hér á landi því allur skattþeningur verður greiddur einhvers staðar annars staðar og hvernig á þá að reka skóla, sjúkrahús og annað sem við þurfum á að halda í þessu þjóðfélagi?“ segir hann.

Enn fremur segir hann þessa þróun stefna aldarlangri vinnu og baráttu verkalýðsfélaganna í voða. Hann bætir við: „Að hugsa sér að allt þetta karp sem menn hafa staðið í til að tryggja verkamönnum hér á landi mannsæmandi líf verði nú fyrir bí sí svona vegna þessara svokölluðu þjónustusamninga.“

Hugsanleg millilending

Atvinnurekendur sem Fréttablaðið hafði samband við

gagnrýndu Vinnuálagstofnun fyrir að vera of lengi og stíf við að veita erlendum starfsmönnum atvinnuleyfi. Þeir segja að þjóðfélagið hafi brýna þörf fyrir erlent vinnuafli og ef ekki verði hægt að útvega það með hefðbundnum hætti neyðist atvinnurekendur til að gera það eftir öðrum leiðum. Þeir hafa einnig bent á að þessir þjónustusamningar séu pólskum og lettneskum verkamönnum afar hagkvæmir.

En þessi þróun hlýtur þó að leiða til einhverrar millilendingar þar sem ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði vöru og þjónustu verður virt en íslensku yfirvöldum um leið gert kleyft að tryggja að kjarasamningar séu virtir.

Spurningin um hvar beri að greiða skattana bíður þó enn frekari átaka. Hugsanlegt svar starfsmannaleiga við því ef þau eru krafinn um skatt í því landi þar sem verkamenn á þeirra vegum vinna er að opna útibú í því sama landi. ■

» FASTUR

birta

» PUNKTUR

TÖLBÓÐ



19" GAMERS Edition

19" ACER GAMERS EDITION
19" Acer Gamers Edition er með 8ms viðbragðstíma fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

CRYSTALBRITE
CrystalBrite tæknin skilar ótrúlega mikilli dýpt, bleksvörtum grunni og sterkum litum

GLÆSILEG HÖNNUN
Glæsilegur silfurlitaður og svartur skjár með VGA, DVI og hljóðtengjum í skjáfótinum



Sérhannaður fyrir leiki

VERÐ 44.900

VL9
Samtals kr. 46.478
4.989

17" GAMERS EDITION



VL12
Samtals kr. 36.127
2.908

17" Acer AL1751AS Gamers Edition er með 8ms viðbragðstíma fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum • CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlega mikilli dýpt, bleksvörtum grunni og sterkum litum • 700:1 í skerpu Glæsilegur silfurlitur skjár með hljóð, VGA og DVI tengjum

VERÐ 34.900

GEFORCE NX7800GTX



Næsta kynslóð af skjákortum frá Nvidia og það öflugasta á markaðnum í dag. MSI GeForce7 NX7800GTX PCI-Express16x skjákort með ofur hraðvirkt 256MB 1200MHz DDR3 minni • CineFX 4.0, 64-Bit Texture tækni, SLI tækni og hlaðið tengjum eins og DUAL DVI, HDTV, TV-út og Video-inn

VERÐ 59.900

TURNKASSI



Svartur og silfraður Chieftec Dragon 3 Middle Tower extra djúpur turnkassi 410W ATX 2.0 hljóðlátur aflagjafi með 120mm viftu undir aflagjafanum

VERÐ 12.900

TURNKASSI



Svartur stórglæsilegur Thermaltake Shark Aluminium VA7000BWA turnkassi án aflagjafa með gluggahlíð hurð að framan og 2x120mm kassaviftum

VERÐ 17.900

GEFORCE NX6600GT



MSI GeForce6 NX6600GT AGP skjákort, með hraðvirkt 128MB, 900MHz DDR3 vinnsluminni kemur með VGA, DVI og HDTV tengjum ásamt TV-út og Video-inn

VERÐ 22.900

GEFORCE NX6600



Viftulaust MSI GeForce6 NX6600 PCI Express skjákort, með hraðvirkt 256MB, 500MHz DDR vinnsluminni kemur með TV-út og Video-inn

VERÐ 17.900



Artemis Turnkassi 300W 2xUSB2 við framhlíð
VERÐ 4.990



Vandaður Dragon turnkassi án aflagjafa
VERÐ 4.990



Thermaltake Soprano turnkassi án aflagjafa
VERÐ 9.990



Antec Sonata 2 turn-kassi, 450W hljóðlátur aflagjafi
VERÐ 14.900



64MB GeForce4 MX4000 AGP skjákort með Tv-út
VERÐ 4.990



MSI GeForce6 NX6200-AX 128MB, AGP skjákort
VERÐ 9.990



MSI GeForce6 NX6200 256MB PCI Express skjákort
VERÐ 12.900



MSI GeForce6 NX6600GT 128MB PCI Express skjákort
VERÐ 22.900



Vaxtalaust tilboð er miðað við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bæst við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

VISA OG EURO ÞAGREIÐSISUR TIL ALTÍÐ ÁR 36 MÁNAÐA - ÖLL VERÐ OG UPPÍSGANGAR BIRT MEÐ FRIRVARNA LÍM BRESTINGAR OG PENTVILLUR

skoðun

SJÓNARMÍÐ
BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Ríkið á að draga enn frekar úr umsvifum sínum á lánamarkaði.

Íbúðalánasjóður orðinn óþarfur

Ég óska frjálshyggjudeild Sjálfstæðisflokksins til hamingju,“ sagði Ögmundur Jónasson, núverandi þingmaður Vinstri grænna, á Alþingi vorið 1998 þegar lög um Íbúðalánasjóð voru samþykkt. Eins og aðrir vinstrimenn á Alþingi taldi Ögmundur að með því að sameina félagslega íbúðalánakerfið hinu almenna í nýjum Íbúðalánasjóði væri verið að veða að hagsmunum hinna efnaminni í þjóðfélaginu. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði við afgreiðslu málsins að ríkisstjórnin væri með „ómannúðlegum, grimmum og miskunnarlausum hætti“ að ráðast á húsnæðisöryggi þeirra sem höllum fæti stæðu í þjóðfélaginu.

Kjarabót almennings vegna innkomu bankanna á íbúðalánamarkaðinn er óumdeild. Á það ekki síst við um þá launalægstu því þeir greiða hærra hlutfall af tekjum sínum í afborganir af lánnum en aðrir. Þetta sýnir enn og aftur að drifkraftur einkaframtaksins nýtist öllum þjóðfélagshópum og að rekstur Íbúðalánasjóðs í óbreyttri mynd er óþarfur.

Þegar á reyndi kom í ljós að þau stóru orð sem féllu í ræðum vinstrimanna á þessum tíma gengu ekki eftir. Þeir höfðu einfaldlega rangt fyrir sér. Þeir sem höllum fæti stóðu í þjóðfélaginu komu ekki verr út úr þessum breytingum. Þvert á móti kom kerfisbreytingin stórum hópi fólks til góða þar sem því var ekki skylt að kaupa íbúð þar sem stjórnmalámennt völdu því stað í félagslegu íbúðakerfi. Það hafði val eins og aðrir um leið og kostnaðarsamt kerfi var einfaldad.

Þessa dagana á sér stað ný umræða um hlutverk Íbúðalánasjóðs og aftur rísa vinstrimenn á afturlappirnar – í þetta sinn Íbúðalánasjóði til varnar. Nú eru það meintir hagsmunir almennings að ríkið reki áfram lánasjóð til að fjármagna íbúðakaup fólksins í landinu. Er þessu blákalt haldið fram þrátt fyrir að bankarnir hafi bráðum í ár búið almenningi að fá lánaða peninga til íbúðakaupa á mun betri kjörum en áður þekktist hjá Íbúðalánasjóði. Ekki nóg með það, heldur er hægt að fá hærri lán og velja um fjölbreyttar þjónustuleiðir.

Kjarabót almennings vegna innkomu bankanna á íbúðalánamarkaðinn er óumdeild. Á það ekki síst við um þá launalægstu því þeir greiða hærra hlutfall af tekjum sínum í afborganir af lánnum en aðrir. Þetta sýnir enn og aftur að drifkraftur einkaframtaksins nýtist öllum þjóðfélagshópum og að rekstur Íbúðalánasjóðs í óbreyttri mynd er óþarfur. Miklar uppgreiðslur eldri lána og lágir vextir í Evrópu hafa jafnframt stefnt rekstri sjóðsins í tvísýnu vegna þess hvernig fjármögnun Íbúðalánasjóðs var breytt síðasta sumar. Á þessu þurfa stjórnmalámennt að taka.

Á síðsta landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 2003 var samþykkt sú stefna að Íbúðalánasjóður starfaði ekki á almennum útlánamarkaði heldur tryggði bönkum og sparissjóðum fjármögnun íbúðalána. Þetta var áður en ljóst varð að bankarnir hefðu bolmagn til að lána almenningi til íbúðakaupa án meðgjafar í formi ríkistryggðra lána Íbúðalánasjóðs. Ef vilji var til að stíga þetta skref árið 2003 er svigrúm til þess núna. Það gæti samrýmst þeim hugmyndum að Íbúðalánasjóður verði einhvers konar heildsölubanki. Ljóst er að skrefin í átt að meira frelsi á fjármálamarkaði hræða ekki.

Gönguskór
- mikið úrval

Meindl Island
Tilboðsverð
19.990 kr.
Verð áður 22.990 kr.

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Snúður og Snælda</p> <p>Frönsku barnamyndabækurnar um kettlingana Snúð og Snældu hafa notið mikilla vinsælda hér á landi frá því að þær komu fyrst út á sjötta áratugnum á forlagi Setbergs í þýðingu Vilbergs Júlíussonar skólastjóra. Foreldrar margra kynslóða hafa lesið þær fyrir börn sín, en ekki hafa börn þurft að kunna að lesa til að njóta bókanna, því textinn er ekki fyrirferðarmikill en myndir eru meginefni.</p> 	<p>Kynjaskipti</p> <p>Að nema sögu án þess að lesa textann er umfjöllunarefni fræðilegrar rannsóknar háskólakennarans Gunnars Harðarsonar á bókunum um Snúð og Snældu í nýjasta hefti Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar HÍ. Merkasta uppgötvun hans er að sé íslenski textinn ekki lesinn heldur myndirnar einar skoðaðar verði Snúður að læðu og Snælda að högna. Með réttu ættu kettlingarnir að hafa skipti á nöfnum.</p> <p>Undirtónar</p> <p>Ekki er þó um einbera þýðingarvillu að ræða heldur reynast textar og myndir bókanna margræð fyrirbæri. Virðast báðir kettlingarnir karlkyns í franska frumtextanum, þótt annar taki</p>
<p>greinilega að sér hefðbundin kvenhlutverk. Þetta vekur með Gunnari þá spurningu hvort í bókunum séu „hinsegin“ undirtónar.</p> <p>Uppeldisgildi</p> <p>Gildi bókanna telur Gunnar meðal annars felast í því að börn sjái að kettlingarnir séu ekki jafn rígbundnir við hin hefðbundnu hlutverk fullorðinna og gerist og gengur í þeim heimi. „Þetta veitir þeim ef til vill ákveðið frelsi og gerir þau opnari gagnvart eigin sjálfsmynd og annarra og þar með þeim eiginleikum sem strákar og stelpur geta búið yfir,“ segir hann.</p> <p>gm@frettabladid.is</p>	

Þeim sem sprengjan springur

Það er svo undarlegt með unga menn. Þeir fara inn í strætisvagn eða lest þar sem fólk situr í hnapp hvert í sinni tilveru – og þar springa þeir.

Í leiðinni sprengja þeir fólk sem gæti þess vegna verið amma þeirra, vinnufélagi, kærasta, fólkíð úr næsta húsi. Þeir taka sér vald til að taka líf annarra. Það er vart hægt að hugsa sér fyriritlegri iðju – en við skulum muna líka að þetta er það sem þeir gera sem varpa sprengjum úr flugvélum og fara um götur skjótandi úr vélbyssum. Þetta er það sem hermenn gera.

Ég las í Guardian grein eftir náfrænda eins piltanna sem frömdu ódæðin þann 7.7., Shehzad Tanweer. Þar er talað um brosmildan dreng, kurteisán, nærgætinn og blíðan. Það er talað um fjölskyldu þar sem brýnt var fyrir unga fólkinu að ofbeldi ætti ekki undir neinum kringumstæðum heima í Íslam – það er vitnað í móður Shehzads Tanweer sem oft minnti ungu mennina á merkingu orðsins Íslam: „Friður“, sagði hún drengjunum að orðið þýddi. Í greininni talar frændinn um að Tanweer hljóti að hafa orðið leiksoppur „utanaðkandi illra afla“ en leggur áherslu á að það uppátæki að ganga inn í strætisvagn til að springa þar eigi sér ekki eðlilegar rætur í umhverfi þeirra frænda.

Vitaskuld ekki: fólk er eðlilegt að lifa sínu lífi – líka því fólk sem aðhyllist Íslam.

Í annarri grein í sama blaði er hins vegar dregin athygli að því að sprengjumennirnir þrír frá Leeds komu allir úr fjölskyldum sem upphaflega komu frá Mirpur-héraði í Kasímírhluta Pakistan, eins og yfirgnæfandi meirihluti Pakistan-ættaðra Breta gerir. Stórfelldir fólksflutningar áttu sér stað frá þessu fátæka landbúnaðarhér-

Í DAG
SPRENGJUVARGAR
OG ÍSLAM

GUÐMUNDUR
ANDRI
THORSSON

Þessir ungu menn virðast þrjá að gangast Íslam á hönd en þeir eru handgengnari ofbeldi tölvuleikjanna en fornri visku.

aði á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar – til Englands þar sem þetta fólk var ódyrt vinnuafli. Enginn þarf að fara í graf-götur um það hvílik viðbrigði það hafa verið að flytjast til nýja landsins. Við Íslendingar höfum nú um skeið verið svo gagnteknir af sögunni um vesturfarana að við höfum væntanlega lesið um erfiðleikana við að samlagast nýrri menningu – og var menningarlegur munur þó miklu minni í tilvikum vestur-Íslendinganna.

Tengslin eru enn sterk við gamla landið, ekki síst vegna þess síðar að fjölskyldur ættmenna skuli tengjast með gift-ingum, sem veldur því að stöðugt er viðhaldið tengslum við Mirpuri – og ekki síður vegna þess að um er að ræða sterkt karlveldi eða feðraveldi þar sem urdu-mælandi Imanar eru sóttir til gamla landsins til andlegrar uppfræðslu og leiðbeiningar: menn sem ekkert botna í vestrænum lífnaðarháttum. Ungu karlmennirnir í þessum samfélögum skilja ekki þessa gömlu þorpssvitranga; ungu mennirnir tala ensku og eru aldir upp við vestræna siði.

Sem þeir þó gangast ekki fyllilega á hönd – þeir hafa reikula sjálfsmynd út af því sterka karl-ræðissamfélagi sem þeir sjá leysast upp fyrir augunum á sér, á meðan stúlkurnar úr þessu umhverfi eiga auðveldara með að átta sig, þær sækja sér háskólamenntun og fara í vel launuð störf, nýta sér tækifærin: ungu mennirnir gera það sjálf-sagt margir hverjir líka, en of margir eru hins vegar í hálfgerðu reiðileysi að leita að inn-taki í lífi sínu, dáðum til að drýgja, guði að tigna, málstað til að þjóna – þeir eru að leita að sæmd.

Þessir ungu menn virðast þrjá að gangast Íslam á hönd en þeir eru handgengnari ofbeldi tölvuleikjanna en fornri visku. Það er kannski ekki að undra vegna þess að Íslam er ekki fyrst og fremst bókstafur heldur fremur túlkun þessa bókstafs, tilraun til að aðhæfa hugmyndafræði hirðingja fyrri alda stórborgum nútímans, festa í sessi lífnaðar-hætti þorpa í Pakistan í miðri London. Þessir ungu menn skilja ekki gömlu Imanana frá gamla landinu en þeir halda samt að Íslam sé fótfeasta í umróti tímans, bjargræði frá því að tapast. Þeir halda að þeir verði að til-einka sér þetta og eru auðveld bráð fyrir „ill utanaðkandi öfl“ sem telja þeim trú um að þeirra bíði sæmd ef þeir fórnir lífi sínu í stríðinu við krossfarana. Saklausir múslimar eru drepnir í Írak, Afganistan og Palestínu – er þeim sagt – og það þarf að færa stríðið heim til krossfaranna til að almenningur í þessum löndum skilji þær þjáningar sem bræður okkar og systur þola í hinum stríðshrjáðu löndum sem krossfararnir hafa ráðist inn í. Það er svo undarlegt með unga menn: það er eins og alltaf sé hægt að telja þeim trú um að réttlætun sé að myrðra venjulega borgara...

Slagurinn um Ríkisútvarpið:

Hver verður næsti útvarpsstjóri?

Þorgerður Katrín menntamálaráðherra er í vanda. Hvern velur hún?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 4.12	13.34	22.54
AKUREYRI 3.35	13.19	22.59

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 25. júlí, 206. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	24-25
Ás	8-9
Draumahús	20-21
Eignakaup	23
Eignamiðlun	17
Eignamiðlun Suðurn.	17
Eignastýring	29
Fasteignamark.	16
Fasteignamiðlun	28
Fasteignam. Grafarv.	28
Fasteignamiðlun Hfj.	26
Fasteignast. Suðurn.	19
Hof	5
Hraunhamar	14-15
Húseign	6
Húsaland	16
Höfði	22
Klettur	32
Lundur	7
Lyngvík	12
Neteign	30
Nethús	27
Smárinn	11
X-hús	13

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 34

Flokkar:

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á VISIR.IS

visir

hús o.fl.

Hús sem tekur utan um mann BLS. 2
Lúxushótel á landsbyggðinni BLS. 4

allt - fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Íbúðin er fallega hönnuð og allar innréttingar eru sérsníðaðar.

Glæsileg eign í Grafarholti

Draumahús hafa í sölu einkar glæsilega 172 fermetra íbúð í Grafarholti. Íbúðin er fimm herbergja og á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Björt íbúð með frábæru útsýni.

Eignin er glæsilega hönnuð af arkitektinum Birni Skaptasyni og eru allar innréttingar sérsníðaðar. Hurðir eru úr eik og á gólfum eru náttúruflísar og hlynur. Gólfhiti er í húsinu og fjarstýring fyrir hvert rými.

Komið er inn í forstofu með náttúruflís-um á gólfinu. Flísarnar halda sér eftir ganginum en við hann eru þrjú svefnherbergi. Svefnherbergin eru með hlyn á gólfu og í hjónaherberginu eru einnig flísar sem liggja út að svalahurð og út í garðinn. Glæsilegur glerskápur er í hjónaherberginu. Aðalbadherbergið er einkar glæsilegt. Þar er hornbadkar, handlaug á eikarborði

og flísar í hólf og gólf. Innangengt er í bílskúr af ganginum og þar er þvottaaðstaða og geymslurými.

Stiginn upp á efri hæðina er í björtu stigahúsi með stórum gluggum. Á efri hæðinni eru stofa, eldhús og lítil snyrting. Stofan og eldhúsið eru í sameiginlegu stóru rými með allt að fimm metra lofthæð. Í stofunni eru flotuð gólf og þaðan er gengið út á tvennar hellulagðar svalir. Frábært útsýni er af svölunum. Eldhúsið er mjög fallegt með ljósri eikarinnréttingu, stórra eyju, stáltækjum og plássu fyrir uppþvottavél.

Húsið er að hluta til álklætt að utan en ekki hefur verið gengið frá lóðinni að fullu.

Þetta er falleg og fágúð eign á góðum stað í vaxandi hverfi. Verið er að byggja skóla skammt frá húsinu og önnur þjónusta byggist ört upp.

Ásett verð: 44,9 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Dregið hefur úr útgáfu íbúðalána á undanförunum mánuðum eftir hasarinn sem fylgdi innkomu bankanna inn á íbúðalánamarkaðinn. Á sama tíma hafa lán íbúðalána-sjóðs aukist og markaðshlutdeild sjóðsins því vaxið að undanförunum. Hún er nú 35% samanborið við 20% í upphafi árs og 11-12% í lok síðasta árs. Í júní gáfu bankarnir út íbúðalán að andvirði 13,6 milljarða kr. skv. tölum frá Seðlabanka Íslands samanborið við 21,8 milljarða í mars. Útlán þeirra hafa því minnkað umtalsvert síðustu mánuði. Í

heild hafa bankarnir nú lánað 232 milljarða frá innkomu inn á íbúðalánamarkað samanborið við 54 milljarða ÍLS á sama tíma.



Ýmislegt getur dregið úr verðhækkunum fasteigna að mati greiningar-

deildar Íslandsbanka, svo sem að áhrif aukins lánaframboðs fjara út svo og áhrif lækkunar langtímaavaxta, væntingar um að verð staðni og hugsanlega lækki, að draga muni úr hækkun launa þegar líður tekur á næsta ár, minni hækkunar eignaverðs og mikið og vaxandi framboð nýbygginga.

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Garðahöld

Hugsaðu vel um garðahöldin þín. Geymdu þau á góðum þurrum stað svo þau verði ekki veðri og vindum að bráð. Það er líka gott að venja sig á að þrifa af þeim alla mold eftir hverja notkun. Góð garðahöld endast miklu lengur ef vel er hugsað um þau.



Keramík fyrir alla

Hvernig var á sumarnámskeiðinu?

Frábært!
Skemmtileg verkefni og flottir hlutir sem maður málar.

Keramík fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

VELFAC

Gluggar
10 ára ábyrgð

formaco

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík
Sími 577 2050 • www.formaco.is



Halldóru Hreggviðsdóttur líður sérstaklega vel í Norræna húsinu.

S.Ó. Garðverk

Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,
TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

Hús sem heldur utan um þig

Upphaldshús Halldóru Hreggviðsdóttur jarð- og hagverkfræðings er Norræna húsið í Vatnsmýri.

„Það eru mörg hús sem mér finnst falleg og sérstök. Af hverju þau eru aðlaðandi finnst mér fara eftir hlutverki þeirra, hvort þau sinna sínu hlutverki og hvaða stemning er í kringum þau,“ segir Halldóra Hreggviðsdóttir, jarð- og hagverkfræðingur og framkvæmdastjóri ráðgjafafyrirtækisins Alta.

„Það eru frekar einhverjir staðir og svæði sem mér finnst spennandi, frekar en einhver einstök

hús,“ bætir hún við en þegar blaðamaður Fréttablaðsins gengur á hana fellst hún að að velja sér eitt hús sem upphaldshús, þótt þau séu vissulega fleiri sem hún heillast af.

„Ef við förum að horfa á bara eitt hús í borginni þá hefur Norræna húsið alltaf heillað mig. Mér finnst húsið sem slíkt vera algört auginakonfekt og heillar mig hvernig húsið og svæðið þar í kring heldur utan um þig þegar þú kemur þangað. Þegar þú kemur að því upplifir þú mikla nánd og svo þegar þú kemur inn er margt spennandi að gerast, allt í notalegu nærumhverfi.“

Þegar fegurð húsanna er metin þarf að skoða hvernig notagildið samræmist húsinu sem slíku. Að mati Halldóru hefur það tekist sérstaklega vel í Norræna húsinu. „Innréttingarnar eru látlausar, einfaldar en fallegar en það hefur tekið svo vel að koma þar fyrir fjölbreyttum notum á skemmtilegan hátt.“

Andinn í húsinu skiptir líka máli og hvers konar hughrifum heimsókn í það nær fram. „Mér hefur fundist takast gríðarlega vel að ná fram ákveðinni upplifun hjá þeim sem heimsækja Norræna húsið. Manni líður vel þegar maður kemur þangað inn.“

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

GÍTARINN ehf.

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • Sími: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is

*** NÝ SENDING ***

Þjóðlagagítar
poki, ól, DVD kennsludiskur, neglur, stilliflauta, auka strengir

kr. 12.900,-

Opíð: Mán-Fös kl. 10-18 • Lau kl. 11-16



Steinunn við bláan riddaraspora.

Síbreytilegt blómahaf

Steinunn Bergsteinsdóttir myndlistarkona hefur valið plöntur í garðinn sinn þannig að allt sumarið sé eitthvað blómstrand.

Steinunn hefur ræktað yndislegan garð í Breiðholtinu og plönturnar fá svo sannarlega að njóta sín í góða veðrinu. „Ég hef alltaf haft rosalega gaman af plöntum og alveg síðan ég var lítil var ég mikið fyrir blóm. Ég vann eitt ár í Grasagarðinum í Laugardal þegar ég var um tvítugt. Um leið og ég fékk minn eigin garð fór ég að safna í hann og er búin að troða í hann allt of mörgum plöntum.“ Það er þó ekki að sjá að plönturnar séu allt of margar því garðurinn er sérstaklega fallegur og litir

ráða þar ríkjum. „Ég ákvað þegar ég byrjaði að safna í garðinn að hafa ekki gul blóm því það er svo mikið til af þeim. Ég hef líka reynt að velja saman þannig að það sé alltaf eitthvað blómstrand í garðinum,“ segir Steinunn. Í garðinum hennar er að finna snemtblómstrand plöntur í bland við runna sem blómstra seint, svo garðurinn er síbreytilegur eftir því hvenær sumars hann er heimsóttur.

Steinunn segir að töluverð vinna hafi legið í að skipuleggja garðinn en hún þurfi lítið að skipta sér af honum núna. „Garðurinn er í dálítið villtum stíl hjá mér og ég er með lágvaxnar plöntur til að sem minnst sjáist í moldina því mér finnst hún ljót. Ég þarf því ekki mikið að vinna í honum núna.“

Umhverfisvænt eldhús

NIÚ AÐFERÐIR TIL AÐ GERA ELDHÚSIÐ UMHVERFISVÆNNA.

Bambus er mjög umhverfisvænt efni þar sem hann vex hratt í náttúrunni og við ýmis skilyrði. Bambus er hægt að nota í diskamottur, á veggi, milli skápa og mottur á gólf. Svo er líka hægt að kaupa hnifapör með bambushandföngum og körfur og sittvað fleira.

Hægt er að spara heilmikið í lýsingu með því að nota flúrperur sem minnka orkunotkunina um helming. Svo er um að gera að notast við dagsljósið hvenær sem það er hægt og kveikja ljósið sem sjaldnast, nú eða kveikja á kerti í skammdeginu.

Korkur er einkar góður efniviður í eldhús þar sem hann er hljóðeinangrandi, ofnæmisfrír og tekur ekki í sig myglu eða önnur lífræn óhreinindi. Kork má bæði nota á gólf og veggi.

Bómull og önnur náttúruleg vefnaðarvara fer einkar vel í umhverfisvænu eldhúsi, bæði í gardinum, borðdúkum, stólsessum og viskastykkjum.

Burstar ættu að vera úr náttúrulegum efnum sem bæði endast betur en plastið og hreinsa líka betur potta og pönnur.



Hér býr snyrtilegt og reglusamt fólk

Nokkur góð ráð til að gera húsið sitt söluvænna.

Nú spá margir því að um hægist á fasteignamarkaði og því þarf að leggja sig ennþá meira fram til að selja húsið sitt. Ýmislegt má gera til að gera heimilið söluvænlegra.

Fallegur inngangur er nauðsynlegur til að fólk fái góða tilfinningu fyrir húsinu eða íbúðinni við fyrstu sýn. Það borgar sig að mála útihurðir ef það á við, nú eða fyrsta vegg-

inn sem sést. Viðargólf hafa alltaf góð áhrif á væntanlega kaupendur. Í sumum tilfellum þar sem gólf eru einkar illa farin borgar sig jafnvel að leggja ódýrt plastparkett frekar en að láta ljóta gólfið fara í taugarnar á þeim sem koma að skoða. Það borgar sig að hafa sérstaklega snyrtilegt á baðherberginu, góðan ilm, hrein handklæði og opna glugga ef þess er kostur. Sýndu alltaf heimilið þitt eins og heimili en ekki eins og sýningarbás í hús-



Baðherbergið segir ýmislegt um þá sem búa í húsinu.

gagnaverslun. Væntanlegir kaupendur þurfa að upplifa hvernig húsið eða íbúðin er sem heimili.

Stigi kallar á handrið

Hús á mörgum hæðum kallar á stiga og stigi kallar á handrið.

Sigurður Einarsson, rennismiður í málmsmiðjunni Ferrum, er einn þeirra sem sérsmíða handrið úr stáli eða járni. „Fólk pantar gegnum heimasíðuna mína eða hringir í mig og ég smíða eftir óskum hvers og eins,“ segir Sigurður þegar hann er spurður hvar hægt sé að skoða verk hans.

„Ég hef pláss til að smíða en ekki til að sýna enda set ég það upp jafnóðum sem ég geri,“ bætir hann við og getur þess að fyrir-



tæki hans sé bara tíu mánaða. Áður kveðst hann samt hafa unnið við svipaða smíði hjá Járnsmiðju Óðins. Þegar fólk vantar handrið hjá honum kemur hann á staðinn, skoðar aðstæður, sýnir fólki myndir og tekur niður pantanir.



Það getur verið erfitt að velja réttan lit á veggina.

Veldu rétta lit

Þegar þú málar heima hjá þér skiptir miklu máli að velja réttu litina. Hér eru nokkur góð ráð sem gott er að hafa í huga þegar málning er valin.

- Skoðaðu blöð og tímarit og finndu þá lit sem þig langar í. Taktu úrklippu með þér í búðina þegar þú kaupir málninguna. Þannig er líklegra að þú ratir á rétta litinn. Það er erfitt að ætla að lýsa draumalitnum með orðum.
- Hafðu í huga að litir virðast oftast dekkri þegar þeir eru komnir á vegginn en þeir eru á litaprufunni.
- Það skiptir máli hvort málað er í heitum eða köldum litum. Gulir og bleikir tónar eru hlýir og gera herbergið því hlýlegra. Grænir, bláir og gráir litir geta verið kuldalegir.
- Forðastu snjóhvíta málningu. Snjóhvítur er of kaldur og harður og herbergi málað í slíkum lit fær á sig skurðstofublæ. Það er betra að nota hvítan með ör-litum lit í. Til dæmis beinhvítan, ljósgulan eða gráan.
- Ef þú vilt tryggja að málningin passi við gardinurnar og sófa-áklæðið er gott að taka efnisbút með sér í búðina.
- Byrjaðu smátt. Kaupu prufu og málaðu góðan blett á vegginn. Það getur jafnvel verið gott að bíða í nokkra daga til að sjá hvernig liturinn venst.

Eitt líf – njótum þess



Heilsu og hægingindadagar Tilboðin í fullum gangi!

Mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum - komdu og finndu þitt rúm

Fjöldi tilboða á stillanlegum rúmum!



Amerískir gaflar með hönnun í takt við tímann

King
193x203 cm.
Cal. King
183x213 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
162.900,-



Queen
152x203 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
134.900,-

THE NeverTurn MATTRESS

www.design.is @ 2005

Hvaða plöntur þarf að varast?

SUMAR PLÖNTUR SEM VAXA Í GÖRÐUM Á ÍSLANDI GETA VERIÐ HÆTTULEGAR EF ÞÆR KOMAST Í LITLA MUNNA.

Þótt flestar plöntur sem vaxa í görðum á Íslandi séu með öllu skaðlausar eru til tegundir hér sem luma á eitri. Þeir sem eiga litil börn skulu hafa í huga að sumar plöntur sem krökkum þykir freistandi að setja í munninn geta valdið óþægindum og ama. Dæmi um slíkar plöntur sem vaxa í görðum hér á landi eru páskaaljúr, riddaraspori, venusvang, sverðlilja og gullregn. Það er þó engin ástæða til að stinga garðinn upp og henda út öllum eitruðum plöntum. Þar sem þekkingin er til staðar er engin hættu á ferðum. Það er því gott að læra að þekkja þessar plöntur og mikilvægt að kenna börnum að umgangast þær með varúð. Á heimasíðu lyðheilsustöðvar er ýtarlegur listi yfir plöntur sem geta valdið eitrun. Slóðin er: www.lydheilsustod.is.



15 sekúndur

Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!

Ekki missa af þessu!!!



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí



Síðasta vika útsölu.
Afsláttur af öllum vörum,
m.a. allir jóla- og
mæðraplattar
með 45% afslætti
- verð frá 1.045,-

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík - s. 552 6255
 www.ammaruth.is • Opíð virka daga 14-18

FRIENDS
 VIRKA DAGA KL. 20:30



FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS



29.900

Baðinnrétting

Með handlaug, spegli og ljósum
 1001500



Góð innrétting

...frábært verð



HÚSASMÍÐJAN
 ...ekkert mál

Hver vill ekki hafa fallega glugga sem aldrei þarfnast viðhalds?

Hjá PGV ehf Hafnarfirði færðu hágæða viðhaldsfria PVC-u glugga á sambærilegum verðum og glugga sem þarfnast stöðugt viðhalds...

Gluggar framleiddir úr PVC GLUGGAPRÓFÍLUM



...auka gildi og þægindi eignarinnar

Hvorki fúí né ryð

engin

málningarvinna

frábær hita og hljóðeinangrun

fallegt útlit

margir opnunarmöguleikar

örugg vind og vatnspétting

mjög hagstætt verð



PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJAN
 ...gluggi til framtíðar



Bæjarhraun 6 220 Hafnarfjörður sími:564-6080 fax:564-6081 www.pgv.is

Gömul Landsvirkjunarhús breytast í lúxushótel

Herbergi og starfsmannaíbúðir í Hrauneyjum, sem Landsvirkjun var með í notkun þar til um síðustu áramót, hafa nú breyst í fyrsta lúxushótel á hálandinu.

Hálendismiðstöðin í Hrauneyjum hefur verið rekin í níu ár en þar er boðið upp á svefnpoka-pláss og gistingu í ódýrari kantinum. Eigendur Hálendismiðstöðvarinnar, Sveinn Tyrfingsson, Jórunn Eggertsdóttir og Friðrik Pálsson, veittu því athygli að eftirspurn var eftir dýrari og fínni gistingu. Þau tóku því á leigu gamalt húsnæði Landsvirkjunar í Hrauneyjum og breyttu því í fjögurra stjörnu hótél sem nú heitir Hótel Háland. Framkvæmdir hófust í febrúar síðastliðnum, en Hótel Háland var opnað formlega í júní.

„Við tókum þá ákvörðun að endurnýja gamla Landsvirkjunarhúsið í þá veru að þarna værum við að þjóna kröfuharðari viðskiptavinum,“ segir Friðrik. „Húsið var að grunni til afar vel byggt, en komið til ára sinna þannig að við þurftum að gera á því ýmsar lagfæringar og endurbætur. Nú erum við með sextán tveggja manna herbergi, öll með sturtu og salerni, fjórar 60 fermetra svitur eða fjölskylduíbúðir, góðan veitingastað, finan ráðstefnu- og veislusal, heitan pott og gufu, að ógleymdum þyrlupallinum,“ segir Friðrik hlæjandi.

Ford Mondeo nýskr. 05/2001, 1800cc 4ra dyra, fimm girá, grænn. Ekinn 66 þ. Verð 1.280.000 PG-521 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Elantra nýskr. 01/1997, 1800cc 4ra dyra, sjálfskiptur, hvítur. Ekinn 148 þ. Verð 390.000 ST-320 B & L. S. 575 1230.



MCC Smart nýskr. 05/1999, 600cc 0 dyra, svartur / grár. Ekinn 74 þ. Verð 890.000 RY-357 B & L. S. 575 1230.



Renault Clio nýskr. 06/2000, 1100cc 5 dyra, fimm girá, grár. Ekinn 88 þ. Verð 690.000 EA-185 B & L. S. 575 1230.



Renault Megane II nýskr. 07/2003, 1600cc, 5 dyra, fimm girá, blár, ekinn 65 þ. Verð 1.450.000 SN-048 B & L. S. 575 1230.



BMW 318i nýskr. 05/2003, 2000cc 4ra dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 28 þ. Verð 3.090.000 YL-455 B & L. S. 575 1230.



Honda CR-V nýskr. 08/1997, 2000cc 5 dyra, sjálfskiptur, rauðgulur. Ekinn 97 þ. Verð 1.030.000 UU-847 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Galloper nýskr. 12/1999, 2500cc 5 dyra, fimm girá, grár. Ekinn 105 þ. Verð 1.090.000 JG-859 B & L. S. 575 1230.



Mitsubishi Galant nýskr. 05/1997, 2000cc 4ra dyra, sjálfskiptur, grár. Ekinn 170 þ. Verð 760.000 BZ-304 B & L. S. 575 1230.



Renault Clio nýskr. 1400cc 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrænn. Ekinn 26 þ. Verð 1.190.000 PH-347 B & L. S. 575 1230.



Renault Twingo nýskr. 08/2000, 1100cc 2 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 63 þ. Verð 620.000 AE-004 B & L. S. 575 1230.



BMW 318i Nýskr. 10/2003, 2000cc 4ra dyra, sjálfskiptur, svartur. Ekinn 24 þ. Verð 2.990.000 MH-620 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent nýskr. 06/2003, 1600cc 5 dyra, fimm girá, ljósblár. Ekinn 32 þ. Verð 1.090.000 RJ-125 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Galloper nýskr. 07/1999, 2500cc 5 dyra, fimm girá, blár. Ekinn 88 þ. Verð 1.090.000 TI-009 B & L. S. 575 1230.



Mitsubishi Lancer nýskr. 04/1997, 1300cc 4ra dyra, fimm girá, grænn. Ekinn 117 þ. Verð 520.000 PH-223 B & L. S. 575 1230.



Renault Clio nýskr. 01/2003, 1100cc 3ja dyra, fimm girá, hvítur. Ekinn 39 þ. Verð 1.090.000 ZV-040 B & L. S. 575 1230.



Toyota Avensis nýskr. 05/1999, 1600cc 5 dyra, fimmgirá, rauður, ekinn 114 þ. Verð 1.040.000 PA-943 B & L. S. 575 1230.



BMW 520i nýskr. 03/1997, 2000cc 4ra dyra, sjálfskiptur, grár. Ekinn 156 þ. Verð 1.290.000 PR-455 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent nýskr. 05/2000, 1300cc 5 dyra, beinskíptur, grár. Ekinn 108 þ. Verð 650.000 DR-633 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Getz nýskr. 12/2003, 1300cc 2ja dyra, fimm girá, ljósgrár. Ekinn 14 þ. Verð 1.050.000 DN-868 B & L. S. 575 1230.



Nissan Almera nýskr. 05/1999, 1600cc 4ra dyra, fimm girá, blár. Ekinn 106 þ. Verð 590.000 SY-642 B & L. S. 575 1230.



Renault Kangoo nýskr. 08/2004, 1400cc 5 dyra, beinskíptur, rauður. Ekinn 80 þ. Verð 950.000 DY-213 B & L. S. 575 1230.



Toyota Corolla nýskr. 06/2000, 1400cc 5 dyra, fimmgirá, ljósgrár, ekinn 102 þ. Verð 820.000 UJ-479 B & L. S. 575 1230.



BMW X3 Nýskr. 10/2004, 3000cc 4ra dyra, sjálfskiptur, dökkblár. Ekinn 3 þ. Verð 5.400.000 AM-611 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent nýskr. 05/2000, 1500cc 5 dyra, fimm girá, blár. Ekinn 72 þ. Verð 640.000 PE-442 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Sonata nýskr. 04/1997, 2000cc 4ra dyra, fimm girá, grænn. Ekinn 102 þ. Verð 490.000 MM-692 B & L. S. 575 1230.



Opel Vectra nýskr. 07/2000, 1600cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár. Ekinn 44 þ. Verð 1.080.000 JZ-102 B & L. S. 575 1230.



Renault Laguna nýskr. 06/2000, 2000cc 5 dyra, sjálfskiptur, gulur. Ekinn 90 þ. Verð 1.050.000 TH-137 B & L. S. 575 1230.



Toyota Corolla nýskr. 07/1999, 1300cc 5 dyra, fimmgirá, blár, ekinn 107 þ. Verð 620.000 YY-176 B & L. S. 575 1230.



BMW X5 nýskr. 12/2003, 4600cc 5 dyra, sjálfskiptur, svartur. Ekinn 18 þ. Verð 7.980.000 OU-250 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent nýskr. 12/1999, 1500cc 5 dyra, fimm girá, dökkgrár. Ekinn 87 þ. Verð 530.000 RT-427 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Starex nýskr. 04/2003, 2500cc 4ra dyra, fimm girá, grænn / grár. Ekinn 77 þ. Verð 2.390.000 MZ-108 B & L. S. 575 1230.



Peugeot 807 nýskr. 03/2004, 0cc 5 dyra, sjálfskiptur. Ekinn 110 þ. Verð 2.790.000 SB-244 B & L. S. 575 1230.



Renault Laguna Berlina nýskr. 04/2005, 2000cc 5 dyra, sjálfskiptur, rauður. Ekinn 5 þ. Verð 2.450.000 TX-318 B & L. S. 575 1230.



Toyota Corolla nýskr. 06/1998, 1300cc 4 dyra, fimmgirá, hvítur, ekinn 133 þ. Verð 540.000 MU-212 B & L. S. 575 1230.



Daewoo Musso nýskr. 05/2000, 2300cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár. Ekinn 79 þ. Verð 1.650.000 TR-104 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent nýskr. 06/2002, 1500cc 4ra dyra, fimm girá, grár. Ekinn 45 þ. Verð 890.000 KI-607 B & L. S. 575 1230.



Jeep Cherokee nýskr. 07/1994, 2500cc 5 dyra, fimm girá, grænn. Ekinn 161 þ. Verð 550.000 YG-440 B & L. S. 575 1230.



Peugeot Partner nýskr. 07/1999, 1400cc 3ja dyra, fimm girá, blár. Ekinn 51 þ. Verð 620.000 DY-547 B & L. S. 575 1230.



Renault Megane nýskr. 11/2001, 1600cc 4ra dyra, fimm girá, grænn, ekinn 58 þ. Verð 1.030.000 ML-522 B & L. S. 575 1230.



VolksWagen Passat nýskr. 05/1997, 1800cc 4 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 78 þ. Verð 880.000 UD-961 B & L. S. 575 1230.

Ingvar Helgason 
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Opel Astra 1.2 nýskr. 06/01 bsk. ek.82.pús.km Verð 970.000.- Tilboð 650.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Opel Vectra nýskr. 07/99 bsk. ek.125.pús.km Verð 830.000.- Tilboð 550.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Subaru Legacy nýskr. 03/96 bsk., ek. 173 pús. km. Verð 830.000. Tilboð 450.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra nýskr. 03/00, ssk., ek. 96.pús. km. Verð 1.030.000. Tilboð 740.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6 nýskr. 06/98, ssk., ek. 126 pús. km. Verð 780.000. Tilboð 530.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy nýskr. 01/98 ek. 141 pús. km. Verð 890.000. Tilboð 690.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa 1.4 Swing nýskr. 04/98 bsk. ek.108.pús.km Verð 530.000.- Tilboð 370.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020

Ingvar Helgason 
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Opel Vectra 1.6GL nýskr. 06/98 ssk. ek.113.pús.km Verð 780.000.- Tilboð 570.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Opel Astra nýskr. 05/98 ssk ek.110.pús.km Verð 550.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Isuzu Trooper nýskr. 10/00 ssk. ek.97.pús.km Verð 2.200.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Renault MASTER nýskr. 05/00 bsk ek.179.pús.km Verð 1.180.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Kia Pride nýskr. 12/00 bsk. ek.34.pús.km Verð 490.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Renault Kangoo nýskr. 02/02 bsk. ek.77.pús.km Verð 890.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Opel Vectra Comfort nýskr. 08/03 ssk ek.30.pús.km Verð 2.050.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020

Ingvar Helgason 
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Mitsubishi Space Wagon nýskr. 02/00 ssk. ek.116.pús.km Verð 1.040.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Honda Accord executive nýskr. 02/05 ssk.ek.7.pús 2.990.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Nissan Almera Visia nýskr. 05/03 bsk ek.50.pús.km Verð 1.190.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Subaru Impreza GL nýskr. 01/00, ssk., ek. 111 pús. km. Verð 950.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Vento Gli nýskr. 08/96 ek. 98 pús. km. Verð 520.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Kia Carnival nýskr. 04/02, ssk., ek. 39 pús. km. Verð 1.750.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Terrano Luxury nýskr. 07/03, ssk., ek. 45 pús. km. Verð 3.150.000. Tilboð 2.850.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason 
Notaðir bílar


Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Chevrolet Suburban nýskr. 10/92, ek. 225 pús. Verð 970.000. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Renault Megane Classic nýskr. 03/02, ek. 51 pús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Suzuki Baleno stw 4x4 nýskr. 09/98, bsk., ek.103 pús. km. Verð 680.000. Tilboð 470.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.2 nýskr. 06/02, bsk., ek.69 pús. km. Verð 1.040.000. Tilboð 820.000 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Chrysler Stratus nýskr. 03/99, ssk., ek. 76 pús. km. Verð 990.000. Tilboð 760.000.- 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Lancer nýskr. 06/99, bsk., ek. 127 pús. km Verð 780.000. Tilboð 560.000. 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Suzuki Baleno stw 4x4 nýskr. 05/97 bsk., ek.170.pús.km Verð 480.000. Tilboð 330.000. 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason 
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Opel Astra 1.6GL nýskr.03/98 ssk., ek.104.pús.km Verð 550.000.- Tilboð 340.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020



Alfa Romeo nýskr. 09/03, bsk., ek. 30 pús. km. Verð 2.720.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Infiniti FX35 nýskr. 06/04, ssk., ek. 9 pús. km. Verð 4.970.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Subaru Forester CS nýskr. 06/02, ssk., ek. 60 pús. km. Verð 1.620.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Jeep Cherokee Laredo nýskr.07/91, ssk, ek 118 pús. km. Verð 470.000 Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Terrano Luxury nýskr.10/00, bsk, ek. 83 pús. km. Verð 2.150.000 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Outback H6 nýskr.11/01, ssk, ek 74 pús. km. Verð 2.520.000 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason 
Notaðir bílar

Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Nissan Primera Elegance nýskr. 05/00, ssk, ek 64 pús. km. Verð 1.030.000 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Suzuki Jimny nýskr. 04/99, bsk, ek. 100 pús. km. Verð 770.000. Tilboð 590.000 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Primera Elegance nýskr. 05/02, ssk, ek.65 pús. km. Verð 1.290.000, Tilboð 990.000. 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Impreza GL nýskr. 12/99, bsk, ek. 69 pús. km. Verð 730.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Acenta nýskr. 06/04, ssk, ek 31 pús. km. Verð 1.590.000. 100% lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa 1.2 nýskr. 05/00, bsk, ek 51 pús. km. Verð 480.000. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020



Peugeot 406 nýskr. 06/01, bsk, ek 72 pús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánamöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda húsinns áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda húsinns áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda húsinns áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda húsinns áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda húsinns áður Opel / Saab söludeild

ATH.
Notaðir bílar eru fluttir í norðurenda húsinns áður Opel / Saab söludeild

SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR



Sundhöll Reykjavíkur, sem stendur við Barónsstíg, var tekin í notkun 23. mars 1937. Sundlaugin er sú elsta í Reykjavík og sú eina sem er eingöngu innisundlaug. Arkitekt Sundhallarinnar er Guðjón Samúelsson. Í Sundhöllinni er ein 29 gráða heit innilaug sem er 25 metra löng með fjórum brautum, lítil barnalaug sem er 7,20 metra löng og 30 gráða heit. Við dýpri enda laugarinnar, þar sem laugin er fjögurra metra djúp, eru tvö stökkbretti sem eru einn metra og 2,75 metra frá vatnsborðinu. Tveir heitir pottar eru utandyra auk vatnsgufu og sólbaðsaðstöðu sem er aðskilin fyrir karla og konur. Forstöðumaður Sundhallarinnar er Óttarr Hrafnkelsson.



DRAUMAHÚSIÐ MITT UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR LEIKKONA

Gamalt steinhús í Mosfellsbænum


„Mig hefur alltaf dreymt um lítið einbýlishús í Mosfellsbænum. Helst svona gamalt steinhús með stórum og fallegum gluggum og gólfborðum á öllum gólfum,“ segir leikkonan Unnur Ösp Stefánsdóttir, þegar hún er spurð út í draumhúsið sitt. „Húsið þarf að vera lítið því ég er með þrífmaníu og nenni ekki að þrifa of stórt hús. Baðherbergið verður að vera æðislegt og þar á að vera fristandandi baðkar. Svo vil ég hafa stórt og opið eldhús svo hægt sé að halda lifandi og skemmtileg matarboð,“ segir Unnur dreymin og bætir því við að hún vilji geta gengið út í garðinn úr stofunni. „Það er upplagt ef maður er með ketti. Við búum í risibúð

núna og vonlaust að vera með ketti þar,“ segir Unnur. Hún vill þó ekki hafa garðinn of stóran enda ekki mikil garðyrkjukona. „Ég vil aðallega hafa nóg af grasi og svo náttúrulega pall sem hægt er að grilla á.“ Unnur er hrifin af Mosfellsbæ. „Það er einhver rómantík yfir Mosfellsbænum. Hann er mátulega stutt frá bænum en samt algjör sveitaparadís. Svo mætti húsið náttúrulega ekki vera of langt frá Mosfellsbakaríi. Þar fást bestu smjördeigshorn á Íslandi og þótt víðar væri leitað.“



Unnur Ösp lætur sig dreyma um lítið hús í Mosfellsbænum.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Fjörtíu prósentu hækkun

Vísitala fasteignaverðs hefur rokið upp síðustu tólf mánuði.

Vísitala fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um fjörtíu prósent undanfarið ár, samkvæmt tölum sem birtust á heimasíðu Fasteignamat ríkisins í síðustu viku. Vísitalan er reiknuð til að varpa ljósi á þróun fasteignaverðs og tekur mið af þeim gögnum sem liggja fyrir hverju sinni.

Athygli vekur að síðasta mánuð hækkaði vísitalan ekki nema um sjöunda hluta úr prósentu. Þetta er töluvert minni hækkun en mánuðina á undan. Til samanburðar hækkaði hún um 8,6% síðastliðna þrjú mánuði og heildarhækkun síðustu sex mánuði nemur rúmum 22 prósentustigum.

Vísitala fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu var 273,2 stig.

SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Ertu á höttunum eftir nýju húsnæði?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Áttu samskipti við nágranna þína?

Oft	0,00%
Stundum	55,56%
Aldrei	44,44%

Ný og glæsileg timbursala

Opið
alla daga til 19



Verið velkomin í Grafarholt

Það skiptir ekki máli hvernig veðrið er því að í timbursölu Húsasmíðjunnar í Grafarholti fer öll afgreiðsla fram inni. Þú keyrir bílinn einfaldlega inn og sækir það sem þig vantar. Ef þig vantar kerru til að flytja timbrið heim getur þú leigt hana á staðnum.

Við höfum opið alla daga vikunnar til kl. 19.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Opnuðum dyrnar fyrir fötluðum

UMRÆÐAN
MÁLEFNI FATLAÐRA



BRYNJA S. BLOMSTERBERG

Staðreyndin er sú að þó þú sért „frjáls“ í dag getur þú, ættingi þinn eða vinur verið orðinn fangi á morgun án þess að hafa nokkuð með það að segja.

Þegar við hugsum um fanga sjá um við fyrir okkur afbrotamenn sem sitja bak við lás og slá og afplána dóm. En það er hægt að vera fangi á annan hátt en á bak við lás og slá og staðreyndin er sú að þó þú sért „frjáls“ í dag getur þú, ættingi þinn eða vinur verið orðinn fangi á morgun án þess að hafa nokkuð með það að segja.

Það að geta ekki notið þess sem lífið hefur upp á að bjóða eins og annað fólk eru höft. Það að vera fatlaður getur vissulega haft takmarkanir í för með sér en með dugnaði og þolinmæði komast fatlaðir oft þangað sem þeir ætla sér þó það taki lengri tíma og



Ungfrú Skyr.is

Í fréttum Ríkisútvarpsins ... var greint frá því að ung íslensk kona hefði verið handtekin á flugvelli í Tel Aviv. ... Það sem ekki kemur fram í frétt RÚV er að að Arna Ösp Magnúsdóttir, er sama manneskjan og gárungarnir þekktja undir nafnin Ungfrú skyr.is eftir að hún ásamt öðrum réðist á gesti á ráðstefnu um álfraðleiðslu á Nordica hótel fyrir í sumar. Nú er margt skynsamlegt sem óskynsamlegt fólk ósammála um rætur vandans fyrir botni Miðáusturlanda og lausn hans. Vefþjóðviljinn hefur þó ekki heyrt um neinn enn þá sem telur skort á fólki sem aflar skoðunum sínum fylgis með ofbeldi þar um slóðir. Það vekur líka athygli hversu greiðan aðgang þeir sem berjast gegn Ísraelstjórn hafa að Ríkisútvarpinu. Skyldi það vera mat fréttamanns að um manúðarsamtök sé að ræða? Vekur það virkilega ekki upp spurningar ef að sú sem skilgreinir samtök sem manúðarsamtök, bíði dóms á Íslandi fyrir að beita ofbeldi? Þar sem minnst er á Ungfrú skyr.is má geta að á sama tíma og fyrrgreindir atburðir urðu í Ísrael var Herra skyr.is, Ólafur Páll Sigurðsson, önnur kafinn á Kárahnjúkum þar sem mótmælendur ollu tjóni með því að hindra lögleg störf manna með því meðal annars að hlekkja sig við vinnuvélar.

Vefþjóðviljinn á andriki.is



TRYGGJUM
ÖLLUM
HLUTVERK!

Samtök um vinnu-
og verkþjálfun

kosti þá meiri fyrirhöfn en okkur hin. Tími og þolinmæði eru því dyggðir sem þeir þurfa að hafa í ríku mæli. Hins vegar ef fatlaðir ætla að skipta um umhverfi koma fleiri þættir að – aðstoð – sem kostar peninga. Fatlaðir einstaklingar þurfa oft að hafa með sér fylgdarmanneskju, svokallaðan hjálparliða, í ferðalög og er þá kostnaður tvöfaldur á við þann einstakling sem ófatlaður er. Fötluun spyr ekki um stétt né stöðu hvað þá efnahag og eins og alþjóð veit, því getur erfitt að veita sér þann „munað“ að fara á milli staða – eitthvað sem er fyrir okkur hinum sjálfsagður hlutur.

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar samanstendur af einstaklingum sem eru tilbúnir að gefa vinnu

sína og taka sér launalaus leyfi frá störfum til að hjálpa til við að gera líf fatlaðra betra. Þetta óeigingjarna starf hefur nú stöðvast því Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar er tómur og því ekki hægt að aðstoða fleiri við að komast í það sem hugurinn stefnir. Þeir eru því fangar í þeim skilningi þess orðs.

Það er kominn tími til að þú og ég stöðrum við og hugsum um þann skerf sem við gefum til samfélagsins – svona um leið og við erum að pakka niður fyrir okkar sumarleyfi og förum það sem okkur dettur í hug og þurfa einungis að hugsa um okkur og okkar fjölskyldu. Þá ættum við að leiða hugann að því að það er fullt af fólki þarna úti sem ekki bara þarf að hafa meira fyrir daglegu

amstri heldur eru einnig „frjálsir fangar“.

Kjartan Jakob Hauksson er nú langt kominn með róður sinn kringum landið. Í þennan róður hefur hann lagt gríðarlega mikla vinnu, margra ára undirbúning við æfingar og annað. Róðurinn sjálfur er mjög erfiður. Þegar veður eru góð og hann getur verið á sjó og komist áleiðis þá er það mikið þrekvirki, því að okkur flestum þykir alveg nóg að róa litlar vegalengdir í stillu og við vitum öll hvernig veður geta breyst við Ísland með litlum fyrirvara. Þá þarf Kjartan bara að bíta á jaxlinn og leggja allt sitt í að komast að landi. Þeir dagar sem hann kemst ekki út vegna veðurs eru heldur ekki auðveldir, hann

þarf sífellt að vakta sjólag til að leyta færiss, en ekki síður andlegt álag þar sem spennan við að komast áfram og vekja meiri máls á söfnuninni vegur þungt.

Mesta hvatning sem Kjartan getur fengið er að aðrir sýni samhug í verki og gefi í söfnunina, margt smátt gerir jú eitt stórt og það besta er að það kemur Hjálparliðasjóði Sjálfsbjargar til góða. Tökum Kjartan til fyrirmyndir og opnum dyrnar fyrir fötluðum! Þau eiga það svo sannarlega skilið!

Söfnunarsími Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar er: 908 2003 og frjáls framlög inná www.sjalfsbjorg.is en þar er einnig hægt að fylgjast með ferð Kjartans og senda honum hvatningarorð. ■

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Opið virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Gerðu betri kaup

SAMUEL TAYLOR COLERIDGE (1772-1834)
lést þennan dag.



„Karlmaður er eins gamall og honum líður.
Kona er eins gömul og hún lítur út.“

- Samuel Taylor Coleridge var enskt skáld og heimspekingur. Hann var einn af stofnendum rómantísku stefnunnar í Englandi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Fyrsta glasabarnið kemur í heiminn

Fyrsta glasabarn heimsins fæddist þennan dag árið 1978 í Bretlandi. Louise Brown fæddist stuttu fyrir miðnætti. Hún vóg ellefu merkur og var tekin með keisaraskurði þar sem móðir hennar þjádíst af blóðeitrun. Allt gekk þó að óskum og barnið virtist vera algerlega heilbriggt og móðurinni heilsaðist vel. Móðir stúlkunnar var 29 ára og með stíflaða eggjaleiðara, sem gerir það að verkum að egginn komast ekki leiðar sinnar í legið. Hún og eiginmaður hennar höfðu árangurslaust reynt að eignast barn í níu ár. Þau gengust því undir glasfrjóvgun þar

sem egg úr móðurinni var frjóvgað með sæði úr manni hennar í tilraunaglassi og síðar komið fyrir í legi hennar. Þessi aðferð við gervifrjóvgun varð gríðarlega vinsæl í heiminum. Tuttugu árum síðar höfðu 300 þúsund konur viðs vegar um heiminn fætt börn með aðstoð glasfrjóvgunar. Louise Brown vinnur nú sem hjúkrunarkona á vöggudeild í Bristol. Yngri systir hennar Natalie, sem einnig var getin með gervifrjóvgun, varð árið 1999 fyrsta glasabarnið til að eignast barn með eðlilegum hætti.



25. JÚLÍ 1978 Louise með foreldrum sínum á unglingsaldri.

MERKISATBURÐIR

- 1912** Hannes Hafstein verður ráðherra Íslands öðru sinni.
- 1917** Mata Hari er dæmd til dauða í Frakklandi þar sem hún hafði njósnað fyrir Þjóðverja.
- 1943** Mussólíni er hrakinn frá völdum á Ítalíu.
- 1976** Vatni er hleypt á gosbrunninn í syðri hluta Tjarnarinnar í Reykjavík. Hann var gjöf frá bandaríska sendiherranum.
- 1996** Kúfiskveiðiskipið Æsa sekkur á Arnarfirði. Tveir menn farast.
- 1998** Jón Kristinn Jónsson veiðir 1.420 lunda í Vestmannaeyjum. Það er talið vera heimsmet.
- 2000** Concorde-pota brotlendir eftir flugtak á Charles de Gaulle flugvelli í Frakklandi. 113 farast.

JARÐARFARIR

- 13.00 Jón Sæmundsson** bryti, Ljósheimum 8a, verður jarðsungi frá Frikirkjunni í Reykjavík.
- 13.00 Jóna Sveinbjarnardóttir** fyrrum húsfreyja á Hamrafelli, Mosfellsbæ, verður jarðsungi frá Lágafellskirkju.
- 13.00 Kolbrún Kristinsdóttir**, Sunnivegi 4, Hafnarfirði, verður jarðsungi frá Víðistadakirkju.

AFMÆLI

- Hildur Hermóðsdóttir**, útgáfustjóri Sölu, er 55 ára.
- Kolbrún Bergþórsdóttir** blaðamaður er 48 ára.
- Árni Hauksson**, forstjóri Húsmiðjunnar, er 39 ára.
- Skjöldur Eyfjörð Fannarson**, tísku- og útlitsráðgjafi, er 27 ára.

ANDLÁT

Margrét Hjálmtýsdóttir, Sléttuvegi 17, Reykjavík, lést á Landspítala Landakoti 15. júlí. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

Guðrún Sigurjónsdóttir, Efstahjalla 5, áður Víghólastíg 12, Kópavogi, lést á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 19. júlí.

Baldvín Jóhannesson, símvirki, Skúlagötu 40b, lést á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 21. júlí.

Ásta Jónsdóttir, Háaleitisbraut 45, Reykjavík, lést fimmtudaginn 21. júlí síðastliðinn.

Guðrún Konráðsdóttir, áður til heimilis að Stóragarði 18, Reykjavík, lést föstudaginn 22. júlí.



Í SVEITINI Hjónin Halldór Guðnason og Ástríður Danielsdóttir við golfskálann fína þar sem boðið verður til veislu á afmælisdaginn.

GOLFOVÖLLURINN AÐ EFRA-SELI Í HRUNAMANNAHREPPI ER 20 ÁRA:

Úr fjósinu í golfskálann

Golfvöllurinn á Efra-Seli við Flúðir byrjaði sem lítill þriggja hulu völlur sem bóndinn á bænnum spilaði á sér til gamans ásamt vinum sínum. Nú, tuttugu árum síðar, er hægt að spila fullar átján holar og snæða dýrindis mat í glæsilegum golfskála.

Halldór Guðnason stundaði þar búskap í þrjátíu ár, hélt lengst af bæði kindur og kýr, en með tímanum dró hann saman seglin. „Kindurnar fóru óðum að víkja og það varð lítið upp úr því að hafa,“ segir Halldór, sem hætti með féð fyrir fimmtán árum enda var golfvöllurinn þá farinn að taka meiri tíma en áður.

Það var þó ekki gróðavon sem rak Halldór af stað í gerð golfvallarins. „Það tekur mörg ár að

búa til golfvöll þannig að kylfingar vilji koma á hann þannig að fyrstu fimm árin voru bara gerð í gamni og ekki hugsað að hafa neitt upp úr því,“ segir Halldór, sem hefur ekki trú á því að hefja starfsemi með æðibunugangi. „Það þýðir ekki að stökkva af stað og ætlast til að fólkið komi hlaupandi.“

Kýrnar fylgdu Halldóri til ársins 1997 enda alltaf fýsilegt að vera með kýr á Íslandi að hans mati. Hins vegar gripu hann og eiginkona hans tækifærið þegar þau sáu aðrar leiðir en búskapinn til að framfleyta sér. Fyrir sex árum ákváðu þau að sjá ein um rekstur vallarins en á sama tíma réðust þau í stækkun hans og hófu að breyta fjósinu í golfskála

sem tekur 120 manns í sæti.

Halldór segist lifa ágætlega af golfinu enda vinni um tólf manns á og við völlinn á sumrin. Hann saknar þess ekki að vera bóndi. „Yfir sumartímann er þetta samt ekki minni vinna en að vera bóndi,“ segir Halldór, sem hefur gaman af að vinna innan um fólk.

Haldið verður sérstakt afmælistímót á föstudaginn í tilefni dagsins en stórveisla verður um kvöldið í fjósinu. Halldór ætlar að bjóða kylfingum upp á svínahamborgarhrygg og hefur fengið Sigmund Erni Rúnarsson, nýráðinn fréttastjóra Stöðvar tvö, sem veislustjóra. Í forrætt verða bringur af lundum sem Halldór og tengdasonur hans veiddu á dögnum við Stykkishólm. ■

FYRSTA STARFIÐ: JÓN HÁKON MAGNÚSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI KOM

Laug sig inn í fyrsta starfið

„Sumarið sem ég varð sextán ára byrjaði ég sem ljósmyndari og blaðamaður á Tímanum. Ég laug því að ritstjóranum að ég kynni að taka myndir,“ segir Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri almanna-tengslafyrirtækisins KOM. Hann segist þó fljótlega hafa komist upp á bragðið þótt hann hafi ekki jafnast á við bestu blaðaljósmyndara. „Ég var sumarafleysingamaður og hef verið viðloðandi fjölmörgu alla mína tíð,“ segir Jón Hákon, sem síðar fór til Bandaríkjanna og tók þrefalt BA-

próf í blaðamennsku, stjórnmálafræði og sögu.

„Ég fékk strax á tilfinninguna svona tólf-þrettán ára að blaðamennskan væri það sem mig langaði til að gera,“ segir Jón Hákon, sem safnaði gífurlegri reynslu þetta fyrsta sumar. Hann starfaði með ýmsum snillingum á borð við Indriða G. Þorsteinsson, Jökul Jakobsson og

Hall Símonarson. Vegna ungs aldurs tóku þeir hann undir sinn verndarvæng og kenndu honum margt.

„Ég fékk ekki að skrifa neitt nema dagbókina og smáfréttir og fyrsti blaðamannafundurinn sem ég fór á var þegar opnuð var ný fiskbúð við Hjarðarhaga,“ segir Jón Hákon hlæjandi og telur ólíklegt að nokkur mæti á slíkt í dag. ■



JÓN HÁKON MAGNÚSSON Byrjaði sextán ára sem blaðamaður á Tímanum.



†
Elskulegur faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Lárus Óskar Gamalielsson
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

sem lést þann 16. júlí, verður jarðsungi frá Frikirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 26. júlí kl. 13:00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Guðmundur Sævar Lárússon
Sigurbjörg Guðrún Lárúsdóttir.

Fróðleikur af gardur.is



Fyrsti ráðherra Íslands:

Hannes Hafstein

Fæddur á Möðruvöllum í Hörgárdal 4. des. 1861, sonur Péturs Havstein amtmanns og k.h. Kristjönu Gunnarsdóttur, alsystur Tryggva bankastjóra. Stúdent 1880, cand. jur. frá Khafnarhásk. 1886. Orti mikið ytra, var einn Verðandimanna og lærisveinn Brandes. Orðinn þjóðkunnur af ljóðum sínum við heimkomu til Íslands hálfþrítugur. Sýslum. í Dalasýslu 1886, málaflutningsm. við landsyfirréttinn, landshöfðingjaritari frá 1889, endurskoðandi við Landsbanka Ísl. 1890-1896. Sýslum. Ísafjarðarsýslu og bæjarfógr. á Ísafirði frá 1896. Fulltrúi á Þingvallafundinum 1888; foringi Heimastjórnarflokksins 1901-12. Var glæsilegur á vellu, sem fæddur foringi. Alþm. Ísafjarðarsýslu 1900-02, Eyfirðinga 1903-16; landskjörinn alþm. 1916-22, sat síðast á Alþingi 1917. Ráðherra Íslands, fyrstur Íslendinga, 1904-09 og aftur 1912-14. Barðist fyrir ritsímanum o.fl. framfaramálum. Forseti samein. þings 1912. Bankastj. Íslandsbanka 1909-12, 1914-17, en missti heilsu. Lézt 13. des. 1922. Er meðal höfuðskálda (Ýmisleg ljóðmæli, Rv. 1893; aukin útg. 1916 o.fl. síðar, heildarútgáfa 1968). Skrifaði um Jónas Hallgrímsson, Þjóðfundinn 1851, Georg Brandes o.fl., auk ljóðabýðinga, t.d. eftir Heine. Heiðursfél. Hins ísl. bókmenntafél. o.fl. viðurkenningar. Líkneski hans stendur fyrir framan Stjórnarráðshúsið. K.h.: Ragnheiður Thordersen. Áttu tíu börn og marga þekktu niðja.

Meira um hann á gardur.is



Hægt er að setja inn zeivdrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

LEGSTEINAR
S: HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinmidjan.is

VIÐ GREIÐUM **2 MILLJÓNIR** Í PENINGUM!

TJALDAÐU MEÐ BÓKUNUM!

Í dag mánudaginn 25. júlí greiðum við út helminginn af andvirði bókanna í beinhörðum peningum!

Munið skólasöfnun Office 1. Það er til mikils að vinna fyrir nemendafélagið ykkar!

100 fyrstu fá kúlutjald að gjöf í boði OG1!



Allir fá regnslá í boði OG1!



Allir fá helminginn í peningum og innleggsnótu hjá Office 1 fyrir hinn helminginn. Innleggsnótan gildir til úttektar á öllum vörum í versluninni. Office 1 mun greiða út 2 milljónir mánudaginn 25. júlí. Eftir það verður greitt fyrir bækur með inneignarnótu.

Office 1 áskilur sér rétt til að hafna móttöku bóka sem eru úrelta, ónothæfar eða til í of miklu magni.

**SKÓLABÓKA-
MARKAÐUR
OFFICE 1**
AÐEINS Í SKEIFUNNI 17

Algjör snilld fyrir
verslunarmannahelgina!

Office 1 Superstore

ÚR SPORTINU

Spænski ökuþórin Fernando Alonso hjá Renault vann um helgina öruggan sigur í Formúlu-1 kappakstri sem fram fór á Hockenheimbrautinni í Þýskalandi. Alonso er þar með langt kominn með að tryggja sér heimsmeistaratítul ökuþóra en hans helsti keppinautur, Kimi Räikkönen, þurfti að hætta keppni vegna vélarbilunar. Fátt getur komið í veg fyrir að Alonso verði yngsti heimsmeistari í Formúlu-1 frá upphafi en hann hefur nú 36 stiga forskot. Í keppni bíla-smíða er Renault í efsta sæti, með 22 stiga forskot á McLaren-Mercedes.



Kólumbíumaðurinn Juan Pablo Montoya hjá McLaren-Mercedes hóf keppnina númer tuttugu á ráslínu og vann sig síðan upp í annað sætið þar sem hann endaði. „Eftir mistök sem ég gerði á laugardaginn get ég ekki verið annað en sáttur með annað sætið eftir að hafa þurft að byrja tuttugasti. Samt er svekkjandi að hugsa til þess hvað hefði gerst ef ég hefði ekki gert mistökin á laugardag, ég hefði vafalítið unnið þennan kappakstur,“ sagði Montoya.

Islenska körfuboltalandsliðið skipað leikmönnum yngri en átján ára tapaði nokkuð stórt fyrir **Úkraínumönnum** í úrslitaleik B-deildararinnar á Evrópumótinu sem haldið var í Slóvakíu um helgina. Gera má ráð fyrir að um spennufall hafi verið að ræða hjá íslensku strákunum eftir frábæran sigur á Finnum daginn áður, því Úkraína vann úrslitaleikinn örugglega 82-56. Það var sem fyrr **Brynjar Björnsson** sem fór fyrir íslenska liðinu í stigaskorun með 20 stig, en hinn magnaði **Pavel Ermolinskij** kom næstur með 15 stig, 8 fráköst og sex stoðsendingar. Þrátt fyrir tapið geta íslensku strákarnir vel við unað, því árangur þeirra hefur verið framar björtustu vonum og vera þeirra meðal hinna bestu í A-deildinni að ári er tryggð.

Tour de France lauk í gær:

Einstakt afrek hjá Armstrong

HJÓLREIÐAR Tour de France-hjólreiðakeppninni lauk í gær og var það hinn bandaríski Lance Armstrong sem sigraði. Þetta er sjöunda árið í röð sem hann sigrar í Frakklandshjólreiðunum, sem er undraverður árangur. Enginn annar hefur unnið þetta mót jafnoft og þetta met verður seint slegið.

Með þessum sigri lýkur mögnuðum íþróttuferli Armstrong en hann hefur ákveðið að hætta keppni og fara í faðm fjölskyldu sinnar. Armstrong er einn magnaðasti íþróttamaður sögunnar en árið 1996 greindist hann með krabbamein í eistum, sem hafði dreift sér í lungu hans og heila. Eftir að hafa gengist undir uppskurð og stífa meðferð við krabbameininu náði hann sér að fullu og sneri aftur til keppni árið 1999.

- egm

HM í sundi:

Örn og Jakob með Íslandsmet

SUND Tvö Íslandsmet voru sett í undanrásunum í gær á Heimsmeistararamótinu í sundi sem fram fór í Montreal. Örn Arnarson setti Íslandsmet í 50 metra flugsundi þegar hann kom að bakkanum á tímanum 24,56 sekúndum, rétt á undan fyrrum methafanum Hirti Reynissyni. Örn hafnaði í 25-26. sæti í sundinu, en Hjörtur hafnaði í því 27. Þá setti Jakob Jóhann Sveinsson glæsilegt Íslandsmet í 100 metra bringusundi þegar hann synti á 1 mínútu og 2,32 mínútum og bætti eigið met um hálfá sekúndu, en þessi árangur nægði honum í 25. sæti í sundinu. Ragnheiður Ragnarsdóttir hafnaði í 28. sæti í 200 metra fjórsundi og synti á tímanum 2 mínútum og 27,97 sekúndum.

- bb

Íslandsmótinu í höggleik lauk í Leirunni í gær:

Heiðar Davíð og Ragnhildur eru nýir Íslandsmeistarar

GOLF Það voru þau Heiðar Davíð Bragason úr Kili í Mosfellsbæ og Ragnhildur Sigurðardóttir úr Golfklúbbi Reykjavíkur sem báru sigur úr býtum á Íslandsmótinu í höggleik í gær, en Heiðar Davíð var að vinna mótið í fyrsta sinn á meðan Ragnhildur vann titilinn í fjórða skiptið á ferlinum.

„Þetta er titill sem mig hefur dreymt um síðan ég var lítill krakki,“ sagði Heiðar Davíð eftir að titillinn var í höfn, en hann lauk keppni á þremur höggum undir pari og varð einu höggi á undan Ólafi Má Sigurðssyni úr GR sem varð annar. Birgir Leifur Haf-

þórsson, Íslandsmeistari síðustu tveggja ára og sá sem flestir töldu sigurstrangleigastan fyrir mótið í ár, endaði í fjórða sæti á tveimur höggum undir pari og lék langt undir getu.

Mikil spenna var í kvennaflokknum og réðust úrslitin ekki fyrr en í umspili. Ragnhildur og Ólöf María Jónsdóttir luku báðar keppni á 20 höggum yfir pari og þurftu þær því að leika þrjár síðustu holar vallarins aftur í umspili. Á 17. holunni náði Ragnhildur fugli á meðan Ólöf María fór á pari og náði því foyrstunni.

Á 18. og síðustu holunni fékk



Ólöf María upplagt tækifæri til að tryggja sér bráðabana en þútt hennar af rúmlega eins metra færi geigaði naumlega, Ragnhildi til mikillar gleði.

„Þetta er ótrúleg tilfinning og ég hefði ekki trúað þessu í gær. Alveg frábært,“ sagði Ragnhildur eftir mótið.

LOKASTAÐA KARLA	
Heiðar D. Bragason, GKJ	-3
Ólafur Már Sigurðsson, GR	-2
Sigurpáll G. Sveinsson, GKJ	-1
Birgir L. Hafþórsson, GKJ	+2
Björgvin Sigurbergsson	+4
LOKASTAÐA KVENNA	
*Ragnh. Sigurðard., GR	+20
Ólöf M. Jónsdóttir, GK	+20
Þórdís Geirsdóttir	+21
Nína Björk Geirsdóttir	+22
Tinna Jóhannsdóttir	+29

*Ragnhildur sigraði Ólöfu í umspili

- vig

Það leynast 25 miðar með milljón króna vinningi meðal okkar!

Sá á fund sem finnur

HAPPA PRENNAN

Gerir lífið meira spennandi

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MÁÍ

22 23 24 25 26 27 28

Sunnudagur

LEIKIR

19.15 **Þróttur** og **Fram** eigast við á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

SJÓNVARP

15.55 **Æfingamót** í knattspyrnu eigast við á Sýn. Sýnt verður frá leik **Chelsea** og **AC Milan** í Boston.

17.35 **Gilette-sportpakinn** á Sýn.

18.05 **Íslandsmótið** í golfi á Sýn. Útsending frá fjórða og síðasta degi mótsins sem kláraðist á Leiruvelli í gær.

21.15 **Playmakers** á Sýn. Þáttur um NFL-deildina í Bandaríkjunum.

22.00 **Landsbankamörkin** á Sýn. Sýnt verður úr leikjum kvöldsins og gærdagsins.

22.30 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Sýnt verður frá mörkum Liverpool.

23.25 **Álfukeppnin** á Sýn. Sýnt verður frá undanúrslitaleik Argentínu og Þýskalands.


23.30 **HM í sundi** á RÚV. Sýnt verður frá úrslitum í ýmsum greinum.

Mjög hrifinn af Guðna og Heiðari

Hinn reyndi knattspyrnudómari Dermot Gallagher var staddur hér á landi til að dæma í Rey Cup um helgina. Fréttablaðið hitti hann að máli og ræddi við hann um enska boltann og íslenska leikmenn.

FÓTBOLTI Blaðamaður spurði Gallagher hvernig stæði á því að úrvalsdeildardómari væri kominn til Íslands að dæma yngri flokka-leiki. „Mótshaldararnir höfðu samband við Gylfa Orrason og spurðu hann hvort hann gæti útvegað dómara úr ensku úrvalsdeildinni til að koma og dæma á mótinu. Hann hafði í framhaldi af því samband við mig því við höfum þekkt í nokkur ár og ég sló til af því að þessi tímasetning hentaði mér prýðilega. Ég er búinn að vera í löngum og ströngum æfingabúðum á síðustu vikum, eiginlega eins konar herbúðum. Þar er vaknað eldsnemma á morgnana og púlað fram eftir degi, þannig að mér leist vel á það að koma hingað og dæma nokkra leiki til að ná mér niður eftir æfingabúðirnar. Þær eru samt bara nýfyrstaðnar og ég er því hálf slapplegur ennþá,“ sagði Gallagher hlæjandi.

„Það er gaman að koma hingað aftur. Þetta er í þriðja sinn sem ég kem til Íslands, ég hef dæmt einn Evrópuleik hérna og svo dæmdi ég landsleik hérna ekki fyrir



DERMOT GALLAGHER
Hefur lengi verið einn virtasti dómari í ensku knattspyrnunni en gerði sér ferð til Íslands um helgina til að dæma á Rey Cup.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

löngu. Mér líst ágætlega á þessa krakka sem eru að spila hérna og mér þótti sérstaklega ánægjulegt að dæma stúlkuleikinn. Þessir krakkar eru allir í þessu til að hafa gaman af þessu og það sem ég tók helst eftir var hve skipulögð liðin og þjálfararnir eru. Ef ég hefði verið að dæma hliðstæðan leik í Bretlandi er ég smeykur

um að ef boltinn hefði borist út í hornið á vellinum hefði maður séð tuttugu krakka í þvögu að berjast um hann, en hérna eru þau öll mjög vel skipulögð og meðvituð um sín hlutverk í liðunum. Ég hef nú ekki séð mikið af leikjum ennþá, en ég sá aðeins af strákunum í liðinu frá Kaupmannahöfn og þeir eru mjög efnilegir.“

Blaðamaður spurði Gallagher hvort hann kannaðist við íslensku leikmennina sem spila í enska boltanum. „Að sjálfsögðu þekki ég nokkra. Ég þekki auðvitað Eið Guðjohnsen sem lék með Bolton og er núna enskur meistari með Chelsea. Svo man ég eftir Heiðari Helgusyni hjá Watford, sem nú er genginn í raðir Fulham. Það er sómapiltur. Hann gaf mér einu sinni treyju sína eftir landsleik. Ég hitti líka Sigurð Jónsson í gær, sem er að þjálfá Víking. Ég man eftir því þegar hann lék með Arsenal og Sheffield Wednesday. Synir Guðjóns Þórðarsonar hafa líka allir verið að leika á Englandi og ekki má gleyma Guðna Bergsýni, hann er mjög finn náungi. Það athyglisverða við innrás þessara íslensku leikmanna í enska boltanum er að mínu mati að þeir hafa allir staðið sig ágætlega og enginn þeirra hefur verið lélegur ef þannig má að orði komast, enda væri auðvitað óeðlilegt að kæmu annað en frambærilegustu leikmennirnir héðan að spila í jafn sterkri deild.“

baldur@frettabladid.is

Spænska knattspyrman:

Figo fer ekki frá Real

FÓTBOLTI Nú bendir allt til þess að knattspyrnumaðurinn Luis Figo verði áfram í herbúðum Real Madrid á næstu leiktíð, en Figo hefur verið sterklega orðaður við Liverpool í allt sumar.

Fórráðamenn Real vilja fá greiðslu fyrir hinn 32 ára gamla Figo, sem á eitt ár eftir af samningi sínum við félagið, en Liverpool og önnur áhugasöm lið eru ekki reiðubúin að greiða fyrir Figo. „Þetta er mjög erfitt fyrir hvern leikmann sem er í minni stöðu,“ segir Figo, sem tryggði Real sigur í æfingaleik gegn Beijing Guo'an frá Kína um helgina með marki úr vítaspyrnu á lokamínútunum.

„Ég veit að ég er ekki fyrsti né annar kostur í mína stöðu en ég vil klára samninginn minn. Ég mun áfram leggja mig allan fram fyrir félagið,“ segir Figo.




Mál Mickael Essien:

Er í höndum Abramovich

FÓTBOLTI Sagan endalaus um löngun Mickael Essien til að ganga til liðs við Chelsea hélt áfram um helgina þegar leikmaðurinn lýsti því yfir að hann legði allt sitt traust á að Roman Abramovich, hinn vellauðugi eigandi Chelsea, kæmi til móts við uppsett verð Lyon á sér. Essien hefur margoft greint frá ósk sinni um að fá að yfirgefa félagið en hingað til hafa forráðamenn Lyon ávallt hafnað tilboðum Chelsea. Og nú segir Essien að framhaldið velti á Abramovich.


„Ég er að bíða eftir því að geta komist til Chelsea en ég hef á tilfinningunni að Lyon muni ekki láta mig fara fyrir minna en 35 milljónir punda. Mín síðasta von er Abramovich. Það er hann sem verður að taka ákvörðun um hvort ég er þess virði. Ég vona svo sannarlega að hann komi til móts við kröfur Lyon því ég get ekki séð mig vera áfram hjá félaginu – það er ekki möguleiki.“



HYUNDAI
hefur gæðin


Hyundai SANTA FE

Einn stærsti og öflugasti jepplingurinn á markaðnum



Hyundai Santa FE 2.7 V6, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2300 kg.
Verð kr. 2.910.000
Bílasamningur kr. 30.290 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Hyundai Santa FE 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2000 kg.
Verð kr. 2.970.000
Bílasamningur kr. 30.900 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.



Með bílinn handa þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230

ÚR SPORTINU

Milan Baros skoraði tvö mörk og átti frábæran leik þegar Liverpool bar sigurorð af Olympiakos, 4-3, í æfingaleik á laugardagskvöldið. Baros er sagður vilja vera áfram hjá Liverpool og berjast fyrir sæti sínu í liðinu á næstu leiktíð og ef eitthvað er að marka ummæli hans eftir leikinn um helgina vill hann ekki fara frá félaginu. „Ég naut þess virkilega að spila í kvöld,“ sagði Baros, sem nú vonast til að fá tækifæri í leiknum gegn Zalgiris Kaunas á þriðjudaginn, en það er fyrri leikur liðanna í 2. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar. „Strákarnir í liðinu hafa verið mjög hjálpsamir síðustu vikur og það hefur verið gott fyrir mig. En það á mun meira eftir að koma frá mér á tímabilinu. Lið í Meistaradeildinni þarf á fjórum framúrskarandi framherjum að halda og þá þarf að berjast fyrir sæti sínu,“ segir Baros.



Joey Barton, leikmaður Man. City, hefur beðist afsökunar á atvikinu sem átti sér stað á æfingaféðalagi liðsins í Taflandi á laugardag, en þá var Barton sakaður um að slást við 15 ára gamlan stuðningsmann Everton og slasa samherja sinn Richard Dunne í leiðinni. Barton var í kjölfarið rekinn heim til Englands úr æfingabúðunum með skómm en hann segir þó að málið hafi verið blásið upp. „Ég vil biðja alla hlutaðeigandi afsökunar. Það voru engin slagsmál milli mín og Dunne en ég var sleginn af stuðningsmanni og brást illa við því. En ég vil taka fram að ég sló hvorki til stuðningsmannsins né Richards Dunne,“ segir Barton.

Steve Bruce, knattspyrnstjóri Birmingham, hefur mikinn áhuga á að fá miðjumanninn Jason Euell í sínar raðir frá Charlton áður en tímabilið í Englandi hefst eftir tæpan mánuð. Portsmouth og Middlesbrough eru einnig sögð hafa hug á því að fá Euell og hefur síðarnefnda félagið þegar gert tilboð sem var hafnað. Stjóri Charlton, Alan Curbishley, vill ekki leyfa Euell að fara, þrátt fyrir að hann hafi ekki átt fast sæti í liðinu á síðustu leiktíð, en leikmaðurinn sjálfur hefur greint opinberlega frá því að hann sé í leit að nýrri áskorun og vilji þar af leiðandi róa á önnur mið.

Chris Coleman, knattspyrnstjóri Fulham, hefur sent forráðamönnum Newcastle þau skilaboð að þeir þurfi að reiða fram háa fjárhæð ætli þeir að kaupa portúgalska vængmanninn Luis Boa Morte af félaginu. „Newcastle gerði tilboð en ég leit ekki á það sem alvöru tilboð. Ég ætla ekki að fara í smáatriði tilboðsins en því var umsvifalaust hafnað,“ sagði Coleman móðgaður í gær.

Alex Ferguson, stjóri Manchester United, hefur varað Chelsea við því að hann búist við sínu liði sterkara en á síðasta tímabili og muni þar af leiðandi geta veitt núverandi Englandsmeisturum harða keppni um titilinn á næsta ári. Ferguson kveðst líta á komandi leiktíð sem áskorun um að sýna þann karakter sem liðið býr yfir. „Við erum vanir áskorunum og hlökkum ávallt til þeirra. Chelsea átti óvenju góðu að gengi að fagna á síðusta tímabili og ég held að það verði erfitt fyrir félagið að endurtaka leikinn í ár. Ég tel engan getumun vera á Chelsea og Man. Utd. – þetta er aðeins spurning um dagsformið,“ segir Ferguson.

Og lærisveinn Ferguson, hollenska markamaskínan Ruud van Nistelrooy, segist sjá mikinn mun á liðinu nú og á sama tíma í fyrra. Nistelrooy segir að Man. Utd. muni mæta mun betur undirbúið til leiks á þessu tímabili og að hitinn og menningin í Asíu-féðalaginu sem liðið er í um þessar mundir muni koma liðinu í enn betra form. „Við erum klárlega mun betur á okkur komnir núna í sumar en síðasta sumar,“ segir van Nistelrooy.



Upplausn í herbúðum Manchester United: Ferguson og Keane rifust

FÓTBOLTI Knattspyrnstjóri Alex Ferguson og fyrirlíðinn Roy Keane hjá Manchester United talast varla við lengur eftir að hafa lent í miklu rifrildi á æfingasvæði félagsins, að því er breskir fjölmiðlar greindu frá í gær.

Lið Man. Utd. er sem stendur í æfingaféðalagi í Asíu og er fyrirlíðinn ekki með í för. Ástæðan sem gefin var fyrir því í síðustu viku var að Keane ætti við meidsli að stríða, en nú hafa heimildarmenn innan félagsins sagt frá því að ástæðan fyrir fjarveru hans sé rifrildi sem hann átti við Ferguson um hvernig undirbúnings-tímabilinu væri hagað.

„Það urðu fjölmargir leikmenn

vitni að þessu. Það féllu mörg fúkyrði og lá við að handalögmál yrðu,“ segir heimildarmaður sem starfar hjá félaginu. Atvikið á að hafa átt sér stað fyrir þremur vikum þegar liðið var í æfingabúðum í Portúgal og á Keane að hafa kvartað undan því að fjölskyldur leikmanna fengju að vera með í för. Keane er sagður hafa látið í ljós þá skoðun sína að fjölskyldur tækju athygli og einbeitingu frá leikmönnum – hlutir sem báðir þyrftu að vera í lagi á undirbúnings-tímabilinu.

„Keane fannst andrúmsloftið á æfingunum líkt og einhver fjölskyldusamkoma, en ekki eins og undirbúningsur fyrir sterkstu



knattspyrnudeild heims. Hann lét Ferguson vita af þeirri skoðun sinni og þeir eru einfaldlega ósammála,“ bætti heimildarmaðurinn við.

FYRIRLIÐINN OG KNATTSPYRNU-STJÓRINN Hafa í ófa skipti lent í stappi við hvorn annan en hafa ávallt náð sáttum.

-vig

Posturepedic
Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!
Hversvegna **Posturepedic**?

